

REGÍNA HREINSDÓTTIR

Rakst á tófu með gæs við Skjálfandafliót

• ferðir • bílar
allt í MIÐJU BLAÐSINS



FLUTNINGAR

Gömlum húsum skutlað á nýjar slóðir

Sérblað um flutninga og þjónustu
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europpris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. október 2007 – 289. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Fluttur í Bítla-bæinn Esher

Einar Bárðarson er farinn með fjölskyldunni til Englands.

FÓLK 22



Forseti skilur

„Áð undanförunu hefur dunið yfir Frakka framhaldssaga, sem ég hygg þó að enginn hafi óskað eftir,“ skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 16

Í skotheldu vesti á tókustað

Jón Ármann Steinsson á slóðum innflytjenda og eiturfjainnflutnings í Ameríku.

FÓLK 24




Eiður lék allan leikinn

Eiður Smári Guðjohnsen stóð sig vel í markalausum jafntefli Barcelona í Skotlandi.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



VINDASAMT í dag verður yfirleitt suðvestan strekkingur eða allhvasst. Rigning eða skúrir en þurrast að mestu norðan til og nokkuð bjart eystra. Hiti 4-11 stig, hlýjast sunnan til.

VEDUR 4

Ráðuneyti tefur lekaskýrslu

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi er mjög ósáttur við að utanríkisráðuneytið hafi tafið í hálf tveim árum að veita upplýsingar um vatnsleka á varnarsvæðinu í Keflavík. Ráðherra það um úttekt fyrir ellefu mánuðum.

STJÓRNSÝSLA „Við eigum þessu ekki að venjast,“ segir Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi, sem í hálf tveim árum hefur beðið eftir upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu um vatnsleka í íbúðum á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Þegar Bandaríkjamenn fóru með her sinn frá Keflavíkurflugvelli í fyrrahaust yfirtók utanríkisráðuneytið umsjón ymissa eigna á Keflavíkurflugvelli. Stórtjón varð þar í miklum frosthörkum upp úr miðjum nóvember í fyrra þegar fjölmargar mannláusar íbúðir í fjölbýlishúsum á varnarsvæðinu skemmdust eftir að fraus í vatnsleiðslum og þær sprungu. Fór svo að Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi utanríkisráðherra, baðst afsökunar á tjóninu á Alþingi 22. nóvember. Sagði ráðherra að tjónið væri

mælt í tugum milljóna króna og að ríkið myndi bera kostnaðinn.

Daginn eftir afsökunarbeiðni sína fól Valgerður Ríkisendurskoðun að gera úttekt á umsýslu utanríkisráðuneytisins og stofnana þess og annarra aðila sem komu að eftirliti og umsjón með byggingum á varnarsvæðinu.

Fyrir um hálfu ári óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að ráðuneytið gæfi vissar viðbótarupplýsingar sem lutu að stjórnsýslulegum þáttum. Svörin eru ekki enn komin og því hefur ekki verið hægt að ljúka við gerð skýrslunnar. Þó hefur Ríkisendurskoðun stöðugt rekið á eftir ráðuneytinu.

„Við höfum margt rekið beðnið um upplýsingarnar á þessu tímabili,“ segir Sigurður

Þórðarson sem kveður skilaboðin frá ráðuneytinu ávallt hafa verið þau að upplýsingarnar væru að koma. Þau skilaboð hefðu ekki breyst.

„Staðreyndin er sú að við erum auðvitað mjög ósáttir við það að ráðuneytið hafi ekki svarað þessari beiðni okkar um þessar viðbótarupplýsingar,“ segir Sigurður sem játar því að hálf tveim árum sé óvenjulega langur tími til að að biða eftir slíkum gögnum. „Mjög svo,“ svarar hann en vísar að öðru leyti á utanríkisráðuneytið.

Hvorki Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra né Grétar Már Sigurðsson ráðuneytisstjóri svöruðu skilaboðum Fréttablaðsins í gær.

gar@frettabladid.is



HJÁLPAÐ TIL Egill Þór Nielsson mannfræðinemi er í hópi sjálfboðaliða Rauða krossins sem hjálpa börnum af erlendum uppruna með heimanámið einu sinni í viku. Hér líðsinnir hann Evu Rós níu ára og Trang ellefu ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tveir hafa látist og hundruð þúsunda yfirgefið heimili sín í Kaliforníu:

Ræðismaður Íslands flúinn

BANDARÍKIN Yfir þrjú hundruð þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna skógareldanna í Kaliforníu undanfarna þrjú daga. Þeirra á meðal er ræðismaður Íslands í San Diego, Robert Horowitz. Tveir hafa látist í eldunum.

„Við flúðum ásamt nokkur hundruð þúsund manns, og gistum þrjú héra á hóteli í um klukkustundarfjarlægð frá borginni,“ segir Robert. „Ég hef ekkert heyrt í öðrum Íslendingum, en ég held

þeir séu ekki margir á bruna-svæðinu. Við biðjum bara til Guðs að húsið okkar verði í lagi þegar við komum aftur.“

Jóna Valdez þurfti einnig að flýja undan skógareldunum. Hún ók ásamt eiginmanni sínum Joel og þremur ungum börnum til borgarinnar Temecula í fyrradag, þar sem þau gista hjá vinafólki. Aksturinn, sem tekur venjulega um 45 mínútur, tók sjö klukkustundir vegna mikillar umferðar og lokaðra hraðbrauta.

„Við erum héra fimm saman í einu herbergi þannig að þetta er vissulega þröngt, en það fer samt vel um okkur. Við gátum ekki tekið mikið af farangri með, þökkvæmt bara í eina tösku fyrir okkur fimm.“

Hún segist hafa náð að forða geisladiskum með ljósmyndum, nokkrum myndaalbúnum og málverki sem afi hennar heitinn málaði. „Við viljum bara komast heim til að sjá hvort húsið okkar sé í heilu lagi.“

- sps / sjá síðu 4

Arnaldur Indriðason söluhár: Nálgest Nóbels-skáldið í sölu

MENNING Arnaldur Indriðason stefnir hraðbyri í að verða söluhæstur allra íslenskra rithöfundna, að sögn Halldórs Guðmundssonar, ævisöguritarar Halldórs Laxness. Bækur Arnaldar hafa selst í hátt í fimm milljónum eintaka á heimsvísu. Halldór segir þó erfitt að henda reiður á nákvæmum sölutölum fyrir verk Halldórs Laxness.

Arnaldur segir fréttirnar ánægjulegar. „Mér finnst auðvitað frábært að höfundur frá Íslandi skuli ná þessari miklu sölu og dreifingu, af því að maður er fyrst og fremst að skrifa fyrir Íslendinga,“ segir hann.


- sun / sjá síðu 30

BRETLAND

Keilur varhugaverð höfuðföt

Sex slökkviliðsmenn þurftu til að losa umferðarkeilu af höfði hins þriggja ára breska Charlie Thomas í gær. Honum fannst keilan svipa til höfuðfats galdratráksins Harry Potter. Þegar keilan loksins náðist af höfði þiltsins var honum færður heppilegri höttur til að nota í galdraleikjum sínum.

Hefur þú auga fyrir góðri hönnun?



A3 Sportback Audi

100 myndir á 2500 krónur í október

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár


TENGI

MORA INXX
BLÖNDUNARTÆKI

www.tengi.is • tengi@tengi.is

Smíðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000
Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Þorgrímur, hver gerir konuna þína hamingjusama á meðan?

„Það er slegist um það.“

Þorgrímur Þráinsson er upptekinn fram að jólum við að fylgja eftir bók sinni „Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama?“.

Árborg hótar dagsektum: Tékkar sagðir búa í eldgildru

ÖRYGGISMÁL Tékkneskir starfsmenn byggingarfyrirtækisins Ísris búa í brunagildru í iðnaðarhúsnæði á Selfossi. Bæjarráð Árborgar gefur Ísrisi frest til mánaðarmóta að laga ástandið eða þola dagsektir. Íbúð er í innri helmingi 100 fermetra húsnæðis á Gagnheiði 23. Fremri hlutinn er geymsla. Komi til bruna eru engar flóttaleiðir baka til þar sem íbúðin er. Að sögn Halldórs Jónssonar, eiganda Ísris, er nú unnið að því með byggingarfulltrúa Árborgar að leysa málið. Fimm tékkneskir starfsmenn hans hafi búið í íbúðinni en nú séu þeir aðeins tveir. - gar

Eldur í fjölbýlishúsi:

Kviknaði í dagblöðum á hellu

LÖGREGLUMÁL Enginn slasaðist er eldur kom upp í mannláusri íbúð í fjölbýlishúsi við Flétturima í Grafarvogi í gær en allt tiltækt slökkvilið var kallað á staðinn. Mikill reykur var í íbúðinni þegar slökkvilið kom á staðinn. Talið er að eldur hafi kviknað í dagblöðum sem lögð höfðu verið ofan á eldavelahellu sem kveikt var á.

Ágætlega gekk að reykræsta íbúðina og voru skemmdir óverulegar. - mh

RÚSSLAND

Sjö létust í námuslysi

Sjö námuverkamenn létust úr koltví-sýringseitrun í lokaðri námu í Síberíu í Rússlandi. Mennirnir kveiktu í bíldekkjum djúpt inni í námunni til að reyna að bræða málm úr námuveggjum. Þar sem engin loftræsting var í námunni mynduðust banvænar eiturgufur við brunann. - mh

Heilög ritning selst vel þrátt fyrir gagnrýni um málfar og fleira:

Biblían er á leið á metsölulista

VERSLUN „Salan fór vel af stað á föstudaginn og var ágæt um helgina. Hún hefur verið það góð í öllum búðum að ég held að hún lenti örugglega á metsölulistanum,“ segir Elsa María Ólafsdóttir, verslunarstjóri í Máli og menningu við Laugaveg.

Elsa María segir að viðskiptavinir hafi flestir tekið nýrri Biblíu vel. „Og það var ekkert kvartað fyrir helgi, en á mánu-dagsmorguninn fór aðeins að bera á því. Þá kom til dæmis einn fastakúnni og sagðist nú aldrei áður hafa talið sig skoðanabróður Gunnars í Krossinum!“ segir hún.



ELSA MEÐ FAGNAÐARERINDIÐ Verslunarstjóri Máls og menningar segir bókina góðu hafa selst vel, þótt ekki séu allir viðskiptavinir jafn hrifnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, gagnrýndi útgáfuna harðlega í Silfri Egils á

sunnudaginn. Kveður hann orð guðs ritskoðað í henni og afbakað. Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi segir sölu Biblíunnar ganga „alveg gríðarlega vel og óhætt að segja að hún mokist út. Íslendingar taka fagnaðarerindinu fagnandi“.

Spurður hvort heilög ritning verði seld fyrir jólin með hangikjötinu í stórmörkuðum segist Jóhann engu ráða um það. Honum beri skylda til að selja öllum sem vilji kaupa. Engar sérkvaðir gildi um Biblíuna að þessu leyti.

Í verslunum Bónuss hefur ekki verið ákveðið hvort Biblían verður tekin í sölu fyrir jólin. - kóp

Öryggismál í Kópavogi:

Verðir gangi nær bakkanum

ÖRYGGISMÁL Öryggiskerfi Sundlaugar Kópavogs hefur verið vandlega yfirfarið eftir viplegt slys síðastliðið vor sem dró ungan pilt til dauða. Samkvæmt frétt á vefsíðu Kópavogsbæjar var niðurstaða lögreglunnar sönnunarsú að um slys hefði verið að ræða og staðfesti ríkissaksóknari hana.

Eftir slysið voru allir öryggisþættir í sundlauginni skoðaðir ræðilega. Öryggiskerfi laugarinnar er tvískipt, annars vegar eftirlit með myndavélum og hins vegar varsla í lauginni og var ákveðið að skerpa á báðum þáttum. - mh

Hlutabréf í SPRON keypt á háu verði

Gengi bréfa í SPRON lækkaði um ellefu prósent á fyrsta degi SPRON í kauphöllinni. Stofnfjárhlutir í SPRON gengu kaupum og sölum á mun hærra verði fyrir skráningu á markað en sem nam upphafsgengi. Hátt verð að mati Glitnis.

VIÐSKIPTI Stofnfjárhlutur í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, SPRON, gengu kaupum og sölum á nokkuð hærra verði en sem nam upphafsverði á hlut þegar sjóðurinn var skráður í kauphöllina í gær. Þegar lokað var á viðskipti með stofnfjárhluti 7. ágúst, eftir að tilkynnt var um fyrirætlanir sjóðsins um skráningu á markað, voru hlutir seldir á gengi sem nam milli 24 og 30 en upphafsgengi á bréfum í SPRON við opnu markaðar í gær var 18,9. Það lækkaði nokkuð eftir því sem leið á daginn og var 16,7 þegar markaðir lokuðu.

Greiningardeild Glitnis segir á vefsíðu bankans að verðlagning bréfa í SPRON hafi verið há. Miðað við að gengið hafi verið ríflega sautján er markaðsverðið SPRON um 86 milljarðar. Eiginfjárstaða SPRON er um 39 milljarðar króna og því er hver króna eiginfjárverðlögð á um 2,2 krónur. Til samanburðar er verðið um 2,4 til 2,7 á

hverja krónu eiginfjár hjá stóru viðskiptabönkunum þremur, Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum.

„Tekjuskipting viðskiptabankanna er hins vegar heilbrigðari þar sem gengismunur skipar mun lægri sess í tekjumyndun þeirra,“ segir í mati greiningardeildar Glitnis.

Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, segir bjarta tíma vera fram undan hjá SPRON sem nú hafi miklu meiri möguleika til vaxtar heldur en áður. „Markmiðið hjá okkur hefur aldrei verið að stækka stækkunarinnar vegna. Við höfum einblínt á góða þjónustu og arðsemi en það er ljóst að við erum betur í stakk búin til þess að takast á við verkefni framtíðarinnar.“

Guðmundur segist ánægður með hvernig SPRON fór af stað á markaðnum. „Heildarviðskiptin námu um einum milljarði og það er vel ásætlanlegt. Stærsta skrefið er að baki og nú er það okkar að vinna úr því.“ magnush@frettabladid.is



GUÐMUNDUR HAUKSSON Forstjóri Spron segir bjarta tíma fram undan hjá félaginu.

HLUTHAFAR Í SPRON AÐ NAFNVIRÐI

Stofnfjárhlutir í SPRON hafa gengið kaupum og sölum á undanföllum sjö árum.

Tíu stærstu hluthafarnir í SPRON við upphaf skráningar:

SPRON-sjóðurinn ses	750.000.00
EIK banki	422.450.084
Tuscon Partners Corp.	340.642.702
Imis ehf.	340.575.859
Vátryggingafélag Íslands hf.	213.135.934
Kaupþing banki hf.	211.444.508
14 ehf.	155.684.166
Sundagarðar hf.	128.356.959
Dexter Fjárfestingar ehf.	99.263.808
Birkir Baldvinsson hf.	97.973.532

Hluti þekktara einstaklinga sem áttu hlut við upphaf skráningar:

Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri	5,9 milljónir
Björgólfur Guðmundsson kaupsyslumaður	5,9 milljónir
Þóra Hallgrímsson, kona Björgólfs	1,49 milljónir
Þórarinn V. Þórarinsson lögmaður	5,98 milljónir
Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON	54 milljónir
Geir H. Haarde forsætisráðherra	297 þúsund
Inga Jóna Þórðardóttir, kona Geirs	297 þúsund
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra	255 þúsund
Dögg Pálsdóttir lögmaður	3 milljónir
Markús Örn Antonsson sendiherra	3 milljónir
Porgeir Pálsson, forstjóri Flugstoða	2,97 milljónir
Jón Ásgeir Jóhannesson kaupsyslumaður	1,49 milljónir
Birgir Isleifur Gunnarsson, fyrrverandi seðlabankastjóri	852 þúsund

Hluti þekktara einstaklinga sem áttu hlut við upphaf skráningar:

Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri 5,9 milljónir
Björgólfur Guðmundsson kaupsyslumaður 5,9 milljónir
Þóra Hallgrímsson, kona Björgólfs 1,49 milljónir
Þórarinn V. Þórarinsson lögmaður 5,98 milljónir
Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON 54 milljónir
Geir H. Haarde forsætisráðherra 297 þúsund
Inga Jóna Þórðardóttir, kona Geirs 297 þúsund
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra 255 þúsund
Dögg Pálsdóttir lögmaður 3 milljónir
Markús Örn Antonsson sendiherra 3 milljónir
Porgeir Pálsson, forstjóri Flugstoða 2,97 milljónir
Jón Ásgeir Jóhannesson kaupsyslumaður 1,49 milljónir
Birgir Isleifur Gunnarsson, fyrrverandi seðlabankastjóri 852 þúsund

Forsætisráðherra til Rómar:

Hittir Prodi og Benedikt páfa

STJÓRNARMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra og Inga Jóna Þórðardóttir kona hans halda í heimsókn til Rómar á Ítalíu á morgun. Þar mun Geir meðal annars funda með Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, og hitta Benedikt páfa sextánda í Vatikaninu.



GEIR H. HAARDE

Þá verður sérstök móttaka haldin Geir og Ingu Jónu til heiðurs á föstudagskvöld.

Geir mun afhenda Benedikt páfa eintak af nýutkominni Biblíu. Bókin er árituð á latínu af Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands. - mh / sjá síðu 30

Stjórnarformaður OR:

Fráleitt að um rannsókn á REI sé að ræða

STJÓRNÝSLA Bryndís Hlööversdóttir, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur (OR), segir það vera „fráleita túlkun á samþykkt stjórnar“ OR að stjórn fyrirtækisins hyggist hefja sjálfstæða rannsókn á málefnum Reykjavík Energy Invest, eins og fram kom í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gær. Þetta var haft eftir Júlíusi Vífli Ingvarssyni, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Á mánudag samþykkti stjórn OR tillögu sjálfstæðismanna um að taka saman öll gögn um REI og samruna þess við Geysi Green Energy. „Við erum að skoða þessi mál heildstætt og ætlum að taka þann tíma sem þarf til að skoða allt málið. Nú erum við byrjuð að afla gagna og vinnum síðan úr þeim faglega,“ sagði Bryndís. - mh

Tryggingastofnun hefur kært tannlækni fyrir meint tryggingasvik:

Svikin verk í hverjum manni

LÖGREGLUMÁL Tannlæknir sem Tryggingastofnun hefur kært til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra reyndist hafa rúkað stofnunina og fengið greitt fyrir tannviðgerðir sem hann ekki vann, hjá yfir tuttugu manns. Þetta herma upplýsingar Fréttablaðsins.

Hópur sjúklinga var valinn af handahófi úr sjúklingahópi tannlæknisins. Tryggingastofnun fékk óháðan tannlækni, í samvinnu við lögreglu, til að skoða fólk. Í hverjum einasta manni fundust dæmi um svikin verk. Tannlæknirinn hafði rúkað og fengið greitt frá Tryggingastofnun fyrir verk sem hann aldrei vann.

Þessi niðurstaða varð til þess að stofnunin kærði tannlækninn fyrir tryggingasvik. Er hann talinn hafa leikið þennan leik í mörg ár.

Viðkomandi tannlæknir hefur annast hundruð tryggðra sjúklinga á ári, í tug ári. Lögregla rannsakar meðal annars hvort útkoman úr skoðun á sjúklingunum sem valdir voru af handahófi sé einkennandi fyrir þann fjölda sem tannlæknirinn hefur fengið greitt fyrir hjá Tryggingastofnun. Mikil vinna er því fölgín í rannsókn á umfangi málsins og fjárhæðum.



HÖFUÐSTÖÐVAR TR Mál tannlæknis sem grunaður er um að hafa sviikið út fé úr stofnuninni er til rannsóknar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Reynir Jónsson yfirtryggingatannlæknir kvaðst ekki vilja tjá sig í einstökum atriðum um mál þessa tiltekna tannlæknis meðan rannsókn stæði yfir. - jss

50%
afsláttur af þurrkublöðum
með afmæliskorti Olís



Þú færð afmæliskortið
á næstu Olís-stöð.

olis

Himinn og haf / SIA



Maður finnur þegar
samstarfið virkar

KRISTINN VILBERGSSON, PENNINN

Fyrirtækjapjónusta

 **KAUPPING**
Hugsum lengra

Markmið Fyrirtækjapjónustu Kauppings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálapjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp

langtímasamband við viðskiptavini okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði. Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtækið þitt og erum með þér alla leið!

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	60,47	60,75
Sterlingspund	123,44	124,04
Evra	85,91	86,39
Dönsk króna	11,522	11,59
Norsk króna	11,145	11,211
Sænsk króna	9,338	9,392
Japanskt jen	0,528	0,531

SDR	94,26	94,82
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	115,4135	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Forstjóri segist ekki hafa gengið á dyr hjá Ratsjárstofnun án þess að láta vita:

Ráðherrann vildi að ég hætti

STJÓRNSÝSLA „Fréttir um að ég hafi sem forstjóri Ratsjárstofnunar gengið á dyr án þess að upplýsa ráðuneytið eru algerlega rangar,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, fyrrverandi forstjóri Ratsjárstofnunar.



ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON lét af störfum að ósk ráðherra, segir fyrrverandi forstjóri Ratsjárstofnunar.

Ólafur segir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hafi ákveðið að ráða nýjan forstjóra til þess að taka við Ratsjárstofnun.

„Mér var kynnt þessi ákvörðun utanríkisráðherra í upphafi þessa mánaðar og á fundi okkar föstudaginn 12. október óskaði ráðherra eftir því að ég léti af störfum um þá komandi helgi. Ég varð við því,“ segir Ólafur og útskýrir að þannig hafi ráðuneytinu ekki

Þetta hafi bæði honum og ráðuneytisstjóra verið tilkynnt með tölvupósti.

Eins og öðrum starfsmönnum Ratsjárstofnunar var Ólafi sagt upp störfum í ágúst síðastliðinn vegna yfirvofandi breytinga hjá stofnuninni í kjölfar brotthvarfs Bandaríkjahers frá Íslandi. Ólafur fær greidd laun út mars á næsta ári þegar uppsagnarfrestur hans rennur út.

Ekki náðist tal af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra í gær. Krístrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, segir Ingibjörgu ekki fjalla um mál einstakra starfsmanna.

Notendur Oink rannsakaðir:

Loka og læsa vefræningjasíðu

BRETLAND. AP Einni stærstu vefræningjasíðu heims, oink.cd, var lokað í gær í kjölfar lögreglu-rannsóknar. Einn var handtekinn í Bretlandi og tölvur gerðar upptækar í Hollandi.

Með hjálp vefjarins var hægt að nálgast fjölda tónlistardiska, jafnvel áður en þeir voru gefnir út. Fjölmargin Íslendingar voru meðal notenda. Alex Strain, talsmaður alþjóðlegu hljóðritunarsamtakanna IFPI, sem koma að málinu, segir mögulegt að Íslendingar séu meðal þeirra sem rannsakaðir eru. Hann geti þó ekki sagt það fyrir víst.

Embætti ráðuneytisstjóra: Tólf vilja stýra nýju ráðuneyti

VINNUMARKAÐUR Tólf sóttu um starf ráðuneytisstjóra í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Staðan verður skipuð frá og með 1. janúar 2008.

Umsækjendurnir eru: Arndís Ármann Steinþórsdóttir skrifstofustjóri, Baldur P. Erlingsson deildarstjóri, Berlinda Theriault, fyrrverandi forstöðumaður, Einar Gunnarsson starfsmannastjóri, Guðmundur Eyjólfur Jónsson bifreiðastjóri, Kolbeinn Árnason skrifstofustjóri, Kristinn Hugason stjórnsýslufræðingur, Maríaanna H. Helgadóttir framkvæmdastjóri, Róbert Trausti Árnason ráðgjafi, Sigurgeir Þorgeirsson framkvæmdastjóri, Stefán Ásmundsson skrifstofustjóri og Þóroddur Ásgeirsson Fiskistofustjóri.

Beiðni Landverndar: Verður skoðuð í næstu viku

SAMGÖNGUR Beiðni Landverndar um að samgönguráðherra láti fresta útboði vegna Gjabakka-vegar verður skoðuð í næstu viku, að sögn Róberts Marshall, aðstoðarmanns hans.

Landvernd fór þess á leit við Kristján Möller fyrir helgi að hann frestaði útboðinu, í það minnsta þar til heimsminjanefnd UNESCO hefur tekið afstöðu til framkvæmdarinnar. Fyrirhuguð vegagerð hefur verið gagnrýnd af flestum vatnalíffræðingum landsins vegna mengunar sem þeir telja að fylgi henni.

Ráðherra er á ferðalagi í kjördæmi sínu, en beiðnin verður rædd við forsvarsmenn Vegagerðarinnar að því loknu.



Hundruð þúsunda hafa flúið heimili sín

Landsvæði á stærð við Reykjanesskagann hefur brunnið í skógareldunum í Kaliforníu síðustu daga. Meira en þúsund heimili hafa brunnið og tugþúsundir heimila eru í hættu. Forseti Bandaríkjanna hefur lýst yfir neyðarástandi.

BANDARÍKIN. AP Yfir 320.000 manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna skógareldanna í Kaliforníu undanfarna þrjá daga. Um þúsund ferkílómetrar landsvæðis hafa orðið eldi að bráð sem er álíka stórt svæði og Reykjanesskaginn.

Meira en þúsund heimili hafa brunnið og eru 56.000 heimili í hættu allt frá ströndum Malibu til fjallshlíða austur af Los Angeles og til suðurs í gegnum Orange- og San Diego-sýslur í átt að Mexíkó.

Þurrviðri, hiti og óvenju lágt rakastig skapa kjöraðstæður fyrir skógareldana og hvassir vindar valda hraðri útbreiðslu þeirra. Veðurspár gera ráð fyrir

áframhaldandi hita og auknum vindi.

George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti í gær yfir neyðarástandi í sjö sýslum sem gerir Almannavörnum Bandaríkjanna (FEMA) kleift að hefja störf á svæðinu. Degi fyrr hafði ríkisstjóri Kaliforníu, Arnold Schwarzenegger, lýst yfir neyðarástandi í sýslunum sjö.

Tveir hafa látist vegna eldanna í San Diego-sýslu og 42 slasast. Sextán hinna slösuðu eru slökkiðliðsmenn.

Aðeins fjögur ár eru síðan 22 létust og 3.640 heimili brunnu í gífurlegum skógareldum í Kaliforníu.



ELDARNIR ÚR GEIMNUM Á þessari gervihnattarmynd sem var tekin á mánudag sést hvernig gífurlegan reyk leggur á haf út vegna eldanna.

SITJUM HÉR Í STOFUFANGELSI

„Við sitjum hér í eins konar stofufangelsi í miðju veðursins, það er blár himinn fyrir ofan okkur en reykur allt í kring,“ segir Sigfríður Björnsdóttir, sem býr ásamt eiginmanni sínum og tveimur dætrum sínum í þorpi sunnan við golfvöllinn Torrey Pines í San Diego. „Við erum búnir að setja vatn, sólhlifar, mat og peninga í skottið á bílnum svo við getum farið strax ef við þurfum að yfirgefa húsið. Það er verið að tæma hluta af þorpinu sem er rétt norðan við okkur þannig að við erum við öllu búnir.“

Hún segir veðrið óútreiknanlegt þar sem hún býr, og askan sé fljót að breiðast yfir. „Himinninn var heiðskír þegar við keyrðum út í búð rétt hjá í fyrirkvöld til að ná okkur í bíómynd, en þegar við komum út var aska og reykur út um allt. Við þurftum bara að setja klút fyrir vitin og hlaupa út í bíl.“

REIÐUBÚIN AÐ KEYRA Í BURTU

„Við erum búnir að pakka í bílinn því sem við komum í hann og biðum eftir að vera sagt að fara,“ segir Dagný Ferguson, sem býr í San Diego ásamt eiginmanni sínum stutt frá því svæði þar sem skógareldarnir geysa. „Loftið hérna er mjög vont, það er mikill reykur allt í kring. Ég þarf ekki nema að labba inn í bílskúr til að finna reykjarlyktina.“

Hún segir hús hafa verið rýmd allt í kringum þau, en þau séu heppin með staðsetningu. „Það er golfvöllur nánast í bakgarðinum hjá okkur þannig að það er ekkert til að brenna nema grasið. Við erum sem betur fer ekki í eins mikilli hættu og þeir sem búa nær eldinum. Við sjáum ekki í eld frá húsinu okkar sem stendur, en við vitum að þeir eru í kringum okkur.“

Samfylkingin

OPINN STJÓRNMÁLAFUNDUR

Kjördæmisráð í Suðvesturkjördæmi (Kraganum) boðar til opins stjórnmálafundar í húsakynnum Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, Strandgötu 21. miðvikudaginn 24. október klukkan 20:00.

Þingmenn okkar
Gunnar
Katrín
Þórunn
Árni Páll
Guðmundur

koma til fundar og ræða stjórnmálaviðhorfin.

Sjáumst sem flest Kjördæmisráð

VEÐURSPÁ

SER EKKI FYRIR ENDANN Á VÆTU

Við sitjum að segja má í svipuðu veðurlagi og verið hefur. Skúraveður sunnan til og vestan og vindur snarþur víða um land. Við getum þó nokkuð vel við unað í dag því að á morgun verður vindur enn stíffari af suðaustri með mikilli rigningu, einkum sunnanlands. Sé horft inn í helgina eru horfur á hægum suðlægum áttum á laugardag með einhverri vætu sunnan og vestan til og á sunnudag breytilegar áttir með slyddu NV-til.

REYKJAVÍK Í DAG
Sunnan strekkingur. Skúrir. Hiti 5-9 stig.

um hádegi »

» á morgun

15-20 m/s en hægari með norðrúströndinni.


» föstudagur

8-15 m/s, hvassast vestan til.

Stað	Veður	Hitastigi
Kaupmannahöfn	10°C hálfskýjað	London 12°C léttskýjað
Billund	10°C léttskýjað	Paris 10°C hálfskýjað
Oslo	8°C hálfskýjað	Amsterdam 11°C léttskýjað
Stokkhólmur	10°C hálfskýjað	Frankfurt 10°C skúrir
Gautaborg	10°C heiðskirt	Berlín 9°C skúrir
Friedrichshafen	9°C skúrir	
Lúxemborg	10°C heiðskirt	
Alicante	22°C hálfskýjað	
Róm	17°C skúrir	
Las Palmas	27°C hálfskýjað	

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

3G



Að breyta gangi sögunnar með 3G

3G þjónusta Símans á höfuðborgarsvæðinu* opnar þér aðgang að:

- Sjónvarpsefni á símaskjánum
- Samtölum undir fjögur augu með myndsímtali
- Háhraðaneti í símanum
- Þráðlausu netsambandi í fartölvunni með 3G netkorti

Kynntu þér möguleikana í næstu verslun Símans eða á siminn.is

SONY ERICSSON K810i

Léttkaups
útborgun **3.900 kr.**

3.000 kr. á mánuði í 12 mánuði
Verð aðeins 39.900 kr.

Það er **Síminn** 



Sími



Netið



Sjónvarp

* Utan höfuðborgarsvæðisins nýta 3G símanir hefðbundið GSM-kerfi Símans.

KJÖRKASSINN



Ætlar þú í leikhús í vetur?

Já	61%
Nei	39%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á hjónaband að vera sáttmáli tveggja einstaklinga en ekki aðeins karls og konu?

Segðu skoðun þína á visir.is **visir**

Belgíska konungdæmið er í kreppu að mati stjórnmalaskýrenda: Fjarar undan Belgíukonungi

BELGÍA, AP Liðið er á fimmta mánuð frá því þingkosningar fóru fram í Belgíu án þess að tekist hafi að mynda ríkisstjórn. Það er rætt í fullri alvöru hvort leysa eigi ríkið upp. Móðganir fljúga á víxl á milli Flæmingja og Vallóna.

Hafi einhvern tímann verið þörf á að konungurinn skærast í leikinn væri það núna. Því konungdæmið er jú sú stofnun sem helst heldur hinum ólíku hópum Belga saman. Albert konungur hefur reynt sitt besta til að miðla málum en hefur ekki fengið neinu áorkað. Það þykir endurspeglar að farið er að fjara undan vægi hans, að mati stjórnmalaskýrenda.



KONUNGSHJÓNINGIN Albert II Belgíukonungur og Paola drottning.

„Maður skynjar að konungshöllin hefur ekki lengur stjórn á hlutunum,“ segir Pol van den Driessche, fyrrverandi blaðamaður sem hefur nú náð kjöri til


setu í öldungadeild Belgíuþings. Mörg dæmi voru um það að forveri Alberts II, bróðir hans Baldvin I sem ríkti frá 1950 til dauðadags árið 1993, tækist að miðla málum og fá stjórnmalamenn til að láta ágreiningsmál sín víkja fyrir einingu ríkisins. En nú virðist hinn rúmlega sjötugi Albert konungur ófær um að leika þann leik eftir. Og fæstir gera sér miklar vonir um að Filippus krónprins yrði færari um það, en hann er þekktur fyrir ýmsar vanhugsáðar yfirlýsingar sem komið hafa honum upp á kant við mörg stjórnmaláöfl í landinu, ekki síst meðal Flæmingja.

Ungir sjálfstæðismenn: Ríki og kirkja verði aðskilin

STJÓRNMÁL Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna, hvetur stjórnvöld til að aðskilja ríki og kirkju að fullu um leið og þau styðji við hugmyndir Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, um að kirkjumálaráðuneytið verði lagt niður.

Þannig starfi þjóðkirkjan á jafnréttisgrundvelli með öðrum trúfélögum.

Í tilkynningu frá Heimdalli er hugmyndum Björns fagnað og honum hrósað fyrir að hafa undanfarnin ár átt forgöngu um samningaviðræður sem hafi leitt til aukins sjálfstæðis þjóðkirkjunnar.



Sýslumaður hafnar lóðaskýringu feðga

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður segir rangt að hann hafi beðið um breytingar á skjali til þinglýsingar. Með breytingunni færðist eignarhald á Tívolílóðinni í Hveragerði ranglega yfir á nafn feðga sem þar áttu byggingarrétt.

SVEITARSTJÓRNIR „Hvorum tveggja fullyrðingum varðandi embætti sýslumanns í þessu skjali er vísað á bug,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, aðspurður um yfirlýsingu feðga sem eiga byggingarrétt á svokallaðri Tívolílóð í Hveragerði.

Eins og Fréttablaðið hefur sagt frá var lóðin færð af nafni Hveragerðisbæjar yfir á fyrirtæki feðganna Guðmundar Sigurðssonar og Sigurðs Fannars Guðmundssonar vegna handskrifáðrar áritunar sem þeir bættu inn á undirritað skjal frá fyrrverandi bæjarstjóra. Feðgarnir höfðu keypt byggingarrétt á lóðinni en ekki lóðina sjálfa.

Í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins um málið sendu feðgarnir frá sér yfirlýsingu til að skýra málavexti. Segjast þeir hafa bætt fastanúmeri umræddrar lóðar á skjal til þinglýsingar „að ósk þinglýsingarstjóra og töldum við að það væri þá til skýringar á því hvaða eign umræddur byggingarréttur tilheyrði,“ eins og segir í yfirlýsinguinni. Þessu hafnar Ólafur Helgi:



TÍVOLÍLÓÐIN Austurmörk 24 er afar vel staðsett milli Suðurlandsvegur og Eden í Hveragerði.

„Þinglýsingarstjóri, sem að forminu til er sýslumaður eða hans starfsmenn, óskaði ekki eftir neinum breytingum. Þinglýsingarstjórar benda einungis á það sem getur orðið til þess að skjölum sé vísað frá því reglan er sú að annaðhvort er tekið við skjölum til þinglýsingar eða skjalinu er vísað frá. Í þessu tilviki var ekki óskað eftir neinni breytingu því það var ekki hlutverk þinglýsingarstjóra. Allar breytingar á skjölum eru alfarið á ábyrgð þeirra sem þær gera og þær eru ekki gerðar hér innandyra,“ segir sýslumaðurinn.

Enn fremur segir í yfirlýsinguinni að lögmaður feðganna hafi sent „naðungarsölubeiðni vegna

lóðarinnar að Austurmörk 24 samkvæmt ábendingu sýslumanns“. Þetta segir Ólafur Helgi einnig vera rangt.

„Sýslumaður hefur leiðbeiningskyldu gagnvart þeim sem eru ólöglærðir en ekki gagnvart löglærðum. Sýslumaður hefur ekki beðið nokkurn mann nokkurn tíma um að biðja um uppboð á nokkrum hlut. Það er alfarið á ábyrgð þeirra sem um uppboðin biðja hvað þeir biðja um,“ segir Ólafur Helgi.

Lögmaður Hveragerðis hefur haft lóðamálið í Austurmörk til skoðunar. Að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar hefur engin beiðni borist embættinu um opinbera rannsókn á málinu. gar@frettabladid.is



ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON Sýslumaðurinn á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Vafi leikur á hvort lögregla má styðjast við gögn sem aflað er með tálbeitu: Þrír sýknaðir í tálbeitu máli Kompáss

DÓMSMÁL Þrír menn á þrítugsaldri voru sýknaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær af ákæru um tilraun til kynferðisbrots. Mennirnir heimsóttu í byrjun þessa árs tálbeitu á vegum sjónvarpsþáttarins Kompáss, sem þóttist vera þrettán ára en var um þrjú. Hún hafði sett inn auglýsingu á stefnumótavefnum Einkamál.is.

Í ákærinni segir að mennirnir hafi heimsótt stúlku, sem þeir héldu vera þrettán ára, í því skyni að hafa við hana kynmök. Það varði við lög um kynferðisbrot gegn börnum. Einn manna var einnig ákærður fyrir vörslu barnakláms.

Í niðurstöðu dómans segir að við rannsókn máls hefði lögregla ekki verið heimilt að beita þeim aðferðum sem þáttagerðarmennirnir notuðu í samskiptum við mennina, og því verulegur vafi á því hvort hún megi nota gögn sem aflað var á þann hátt.

Einnig sé ekki sannað að mennirnir hafi ætlað að fremja kynferðisbrot gegn barni, vegna þess að þeir sögðust allir hafa vitað að konan væri fullorðin en ekki þrettán ára. Það hefðu þeir meðal annars ráðið af símtölum við hana.

Mennirnir voru því sýknaðir af ákæru um tilraun til kynferðisbrots. Maðurinn sem ákærður



GENGIÐ Í GILDRU Þáttastjórnendur Kompáss tóku íbúð á leigu þar sem gilðran var lögð. Þangað fóru mennirnir sem ákærðir voru, eftir að hafa spjallað við tálbeitu á netinu og í síma.

var fyrir vörslu barnakláms var fundinn sekur og dæmdur til að greiða 200.000 krónur í sekt.

MCSA kerfisstjórnun

Atvinnulífið gerir kröfu um að kerfisstjórar hafi lokið prófum á sviði Microsoft netkerfa og helst að þeir státi af MCSA prófgráðu (Microsoft Certified System Administrator) sem er alþjóðleg vottun fyrir fyrir kerfisstjóra.

Tölvuskólinn Þekking býður upp á áfangaskipt nám til MCSA prófgráðunnar. Þetta nám samanstendur af eftirtöldum 4 námsgreinum sem allar gilda til að fá vottun sem MCSA kerfisstjóri. Þátttakendur þurfa að hafa almenna grunnþekkingu á tölvur. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

- MCP XP (próf 70-270).
- Windows 2003 Server (próf 70-290).
- Windows 2003 Networking. Stjórnun og rekstur netkerfa (próf 70-291).
- Exchange Server 2003 (próf 70-284).

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 17.30 - 21.30
Kennsla hefst 30. október. Lengd 240 stundir. Verð kr. 290.000,-
Allt kennsluefni og 4 próf innifalin.

Fengu vinnu meðan á námi stóð
Nú er tækifærið. Eftirspurn eftir upplýsingatæknimenntuðu fólki hefur aldrei verið meiri. Flestir nemendur okkar fengu vinnu meðan á námi stóð.

„Mjög praktískt nám sem hefur margborgað sig.“
Rúnar Páll Rúnarsson, kerfisfræðingur hjá Anza

„Nám sem stóð undir öllum mínum væntingum og opnaði fyrir mig leiðir í starf kerfisfræðings hjá stóru fyrirtæki.“
Teitur Hjaltason kerfisfræðingur hjá Þekkingu

MCP XP netstjórnun

MCP námið er grunnur að flestum öðrum sérfræðinámsháttum Microsoft. Kennsla hefst 30. okt. og lýkur 29. nóv. Lengd 60 std. Verð kr. 89.900,-
Allt kennsluefni og tilskilið próf (70-270) innifalið. Nánari upplýsingar á www.tsk.is

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SIMI: 544 2210

5125050
Auglýsingasími

ÍPRÓTTA- HETJAN

2 miðar í bíó!



Komdu við hjá okkur og sparaðu pening á leiðinni í bíó!

ÍPRÓTTAHETJAN er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna og okkur hjá Byr er sönn ánægja að bjóða þér á myndina.

Komdu í heimsókn, tæmdu baukinn þinn og þú færð 2 miða á myndina.*
– góða skemmtun!

ÍPRÓTTAHETJAN verður frumsýnd 26. október.



*Gildir á meðan birgðir endast.

BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is





Jafnréttisnefnd
Kópavogsbæjar

Jafnréttisnefnd Kópavogs heldur
málþing um konur í sveitarstjórnunum:

Ég þori, get og vil!

fimmtudaginn 25. október kl. 17-19
Staðsetning: Gerðarsafn, neðri hæð

Dagskrá:

- 1) Setning: Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs
- 2) „Ég get gert allt sem karlmenn geta gert - og flest betur!“
Um Huldu Jakobsdóttur: Hulda Dóra Styrmsdóttir
- 3) „Vona að þær sýni í verkinu vit sitt og framkvæmdasemi.“
Af konum og verkum þeirra í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi: Auður Styrkársdóttir
- 4) „Hverju veltir lítil þúfa?“
Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 5) Pallborð: Núverandi og fyrrverandi sveitarstjórnar- konur

- Hansína Ásta Björgvinsdóttir, Framsóknarflokkur
- Karen Jónsdóttir, frjálslynd og óháð
- Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sjálfstæðisflokkur
- Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Samfylkingunni
- Svandís Svavarsdóttir, Vinstrihreyfingunni - grænu framboði

Þingstjórn: Una María Óskarsdóttir, formaður jafnréttisnefndar
Pallborðsstjórn: Arna Schram, fréttastjóri Viðskiptablaðsins

Léttar veitingar að þingi loknu

Tílefni: Hálf öld er liðin frá því að fyrsta konan á Íslandi varð bæjarstjóri, Hulda Jakobsdóttir í Kópavogi, 1957 - 1962.

Þrýst á Tyrki að láta ógert að ráðast inn í Írak:

Írakar lofa aðgerðum gegn PKK

TYRKLAND. AP Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, sagði í gær að Tyrkir gætu ekki beðið endalaust eftir því að Íraksstjórn gripi til skilvirkra aðgerða gegn skæruliðum sem herja á Tyrkland frá Norður-Írak. Breski forsætisráðherrann Gordon Brown hvatti til stillingar, en hann átti viðræður við Erdogan í Lundúnum.

Íraksstjórn lýsti því annars yfir í gær að hún hefði fyrirskipað Kúrdíska verkamannaflokknum, sem þekktastur er undir tyrknesku skammstöfuninni PKK, að loka skrifstofum sínum í Írak og hún hét því að hamla gegn allri



HITI Í TYRKJUM Tyrknesk skólabörn halda á myndum af Mustafa Kemal Atatürk í götumótum gegn aðskilnaðarhreyfingu Kúrda, PKK, í Istanbul í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

starfsemi PKK í landinu og loka fyrir fjárstreymi til hans. PKK

berst fyrir aðskilnaði Kúrdahér- aðanna í Austur- og Suður-Tyrklandi og stofnun sjálfstæðs ríkis Kúrda, en samtökin er á lista yfir hryðjuverkasamtök bæði í Tyrklandi, hjá Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum.

Talsmenn íraska forsætisráðherrans Nouri al-Maliki tilkynntu um þessar aðgerðir Íraksstjórnar eftir viðræður hans við Ali Babacan, utanríkisráðherra Tyrklands í Bagdad. Tyrkir hafa safnað miklu herliði að landamærunum að Írak og tyrkneska þingið hefur þegar heimilað hernum fyrir sitt leyti að ráðast inn í Írak í því skyni að elta þar uppi skæruliða.

- aa



FJÓRÐA FJÖLMENNASTA RÍKI HEIMS

- Indónesía er fjórða fjölmennasta ríki heims, með yfir 234 milljónir íbúa.
- Landið er samsett úr rúmlega 17.500 eyjum, þar af býr fólk á um 6.000 eyjum.
- Í Indónesíu búa um 365 mismunandi þjóðir, en meirihluti landsmanna er múslimar.
- Forsetinn er æðsti ráðamaðurinn með völd sambærileg við forseta Bandaríkjanna.
- Indónesía liggur á flekamótum. Þar má finna um 150 virk eldfjöll og jarðskjálftar og eldgos því algeng.



VILJAYFIRLÝSINGAR Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI (til vinstri), Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, Purnomo Yugiantoro, orkumálaráðherra Indónesíu, og Bambang Kustono, forstjóri Pertamina Gethermal Energy, skrifuðu undir viljayfirlýsingar í Indónesíu í gær.

MYND/HAFLIÐI HELGASON

Vilja álver á eldfjallaeyjar

Iðnaðarráðherra ræddi við forseta Indónesíu og aðra ráðamenn um jarðvarma, álver og fiskveiðar. Uppbygging þar gæti dregið úr þrýstingi álfyrirtækja á að fá að reisa ný álver hér á landi segir Össur.

UTANRÍKISMÁL Forseti Indónesíu hefur áhuga á samstarfi við Íslendinga um nýtingu jarðvarma. Hann var mjög áhugasamur um uppbyggingu álvera á eldfjallaeyjum á fundi með Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra í gær.

„Forsetanum var það mikið kappsmál að fá Íslendinga til liðs við Indónesa til að byggja upp þessi rosalegu jarðhitasvæði sem hér eru. Niðurstaðan var sú að Íslendingar eiga þess kost að fá mjög góð svæði hér til að vinna orku úr jarðhita í samvinnu við heimamenn,“ segir Össur.

Hann er nú staddur í Indónesíu til að greiða fyrir útrás orkufyrirtækja og annarra þar í landi. Össur átti óvæntan fund með Susilo Bambang Yudhoyono, forseta Indónesíu, að beiðni forsetans. Á fundinum voru einnig ráðherrar orkumála og sjávarútvegsmála.

Yudhoyono lýsti áhuga á uppbyggingu álvera á strjálbýlum eldfjallaeyjum sem myndu vinna ál úr baxíti, sem mikið er af í Indónesíu. Til þess þyrfti að byggja upp jarðvarmavirkjanir til að sjá álverunum fyrir orku.

„Þeir [indónesísk stjórnvöld] vilja þetta, en svo er það íslensku útrásarfyrirtækjanna, til dæmis Reykjavík Energy Invest, hvort þau taka þessu boði,“ segir Össur.

Hann gaf lítið fyrir að með samstarfi á þessu sviði væru íslensk stjórnvöld að flytja út stóriðjustefnu sem miklar deilur hafi staðið um hér á landi.

„Indónesía er fullvalda ríki og Indónesar taka sínar ákvarðanir, ég skipti mér ekki af því. Ef þeir vilja reisa álver mega þeir gera það mín vegna. Það er þá hugsanlega betra að þeir geri það með fólki sem kann að búa til orku úr jarðvarma í stað þess að nota kol,“ segir Össur.

„Ef umhverfisvæn álver rísa hér þá dregur það úr þrýstingi stórra álfyrirtækja að reisa álver á Íslandi. Enginn veit betur en ég hvað sá þrýstingur er mikill.“

Aður en Össur heldur áfram ferð sinni til Filippseyja mun hann eiga annan fund með orkumálaráðherranum. Hann mun einnig funda með sjávarútvegsráðherra, til að ræða samvinnu á sviði sjávarútvegs.

bjann@frettabladid.is

Fundur Samfylkingarinnar í kjördæmaviku



Í dag, miðvikudaginn 24. október

Í Reykjavík, kl. 20.30 á Hallveigarstíg 1

Sérstakur gestur:
Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra



Á morgun, fimmtudaginn 25. október

Á Neskaupstað, kl. 20.30 í Egilsbúð

Sérstakur gestur:
Kristján Möller, samgönguráðherra



Í Grindavík, kl. 20.30 í Verkalýðshúsi Grindavíkur

Sérstakur gestur:
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar

Þriðjudaginn 30. október

Á Patreksfirði, kl. 20.30 í félagsheimilinu Patreksfirði

Sérstakur gestur:
Kristján Möller, samgönguráðherra



Samfylkingin

SAMKOMULAG UM NÁMSKEIÐ

Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna mun á næstu þremur árum standa fyrir námskeiðum í Indónesíu fyrir starfsmenn jarðvarmafyrirtækja í Asíu. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra skrifaði undir samkomulag þess efnis með indónesískum kollega sínum í gær.

Ráðherrarnir skrifuðu einnig undir viljayfirlýsingar um ýmiss konar annað samstarf á sviði jarðvarma ásamt forsvarsmönnum Reykjavík Energy Invest og ríkisfyrirtækisins Pertamina Geothermal Energy.

Þá mun sjávarútvegsráðherra Indónesíu að líkindum kanna möguleika Indónesa til að komast að í sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi á fundi með Össuri í dag. Hingað til hafa nemendur skólans flestir komið frá Afríku, en nú stendur til að breyta því, segir Össur.



42PT85

42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz

199.900

160 GB
UPPTÖKU
DISKUR

42" Plasma

50" Plasma

239.900

50PC52

50" Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1.500
Svartími innan við 1ms

Stór góð sjónvörp

129.900

37LC51

37" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms

159.900

42PC52

42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms

179.900

42LC51

42" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms

259.900

42LY95

42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Útsölustaðir út á landi: Rönning Akureyri S. 4600 800 • Rönning Keflavík S. 420 7200 • Rönning Reyðarfirði S. 470 2020

Life's Good LG



DÝRAVINUR George W. Bush Bandaríkjaforseti sýndi engin óttamerki þegar hann hélt á lítilli uglu í vel varinni hendi sinni í Patuxent-dýraathvarfinu í Maryland í Bandaríkjunum.

NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjórn ESB kynnr áttak til að lokka að fagfólk frá öðrum löndum:

Boðar evrópskt „blátt kort“

BRUSSEL, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti í gær áform um mikið áttak til að lokka vel menntað og þjálfað starfsfólk frá öllum heimshornum til starfa í aðildarríkjunum 27.

Áætlunin miðar að því „að bæta hæfni ESB til að lokka að og, þar sem þörf er á, halda í“ alþjóðlegt fagfólk á borð við lækna, hjúkrunarfræðinga, verk- og tölvufræðinga frá löndum utan sambandsins. Þetta á að gera með því að gera slíku fólk kleift að fá atvinnu- og dvalarleyfi með hraði, í stíl við „græna kortið“ í Bandaríkjunum. Hugmyndin er að það evrópska verði kallað „bláa kortið“.



FRATTINI OG BARROSO Kynntu áformin í Evrópuþinginu í Strassborg í gær.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, sagði nýju reglurnar myndu koma í stað á þriðja tug ólíkra, flókinna ferla til að öðlast atvinnuleyfi í aðildarríkjunum. Þeim yrði ekki síst

ætlað að lokka fagfólk frá Asíu, Afríku og Rómönsku Ameríku til að dvelja og starfa í Evrópu.

Franco Frattini, sem fer með innflytjendamáli í framkvæmdastjórninni, sagði að eins og sakir stæðu væri ESB mikill eftirbátur efnahagslegra keppinauta á borð við Bandaríkin, Kanada og Ástralíu hvað varðar aðdrátt á hæfu starfsfólki frá öðrum löndum.

Innanríkisráðherrar ESB-ríkja hafa unnið að þessum „bláa korti“ áformum árum saman en víða hefur gætt andstöðu við að Evrópusambandið setji reglur um það hvernig aðildarríkin velji innflytjendur.

- aa

Lögregla leitar móðurinnar: Lítil stúlka féll fram af svölum

SPÁNN, AP Spænska lögreglan leitaði í gær að móður fimm ára brekrar stúlku sem liggur alvarlega slösuð á sjúkrahúsi eftir að hún féll fram af svölum á fimmtu hæð hótels á Mallorca í gærmorgun.

Talið er að móðir stúlkunnar hafi verið inni í herberginu þegar stúlkun féll en faðir hennar og tvö systkini voru í öðru hótélherbergi á sama tíma. Ekkert hefur spurst til móðurinnar frá því í gærmorgun.

Við fallið kjálkabrotnaði stúlkun og hlaut hún meiðsl á lifur meðal annars.

- sdg

Með réttu úti- og innimottunum
- getur þú stoppað 80% af óhreinindunum við innganginn

Einar Kristjánsson, sölumaður hjá RV

Á tilboði í október og nóvember 2007
Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

Wayfarer grá með kanti, 120x180cm

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

Ráðherrafundur í Lissabon: Sjóræningjaveiðum skal úthýst

UMHVERFISMÁL Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra fagnar áformum Evrópusambandsins (ESB) um að herða aðgerðir í baráttu við sjóræningjaveiðar. Þórunn sagði á fundi evrópskra ráðherra um málefni hafsins í Lissabon í gær að skipum sem stunda slíkar veiðar skyldi gert ómögulegt að selja afla sinn. Styrkja þurfi lagalegan grunn fyrir aðgerðir gegn slíkum skipum á úthafinu, í þeim tilvikum þegar fánaríki sinni ekki skyldum sínum við að taka á sjóræningjaveiðum.

Stefna íslenskra stjórnvalda er einnig að vinna með ESB innan alþjóðastofnana og svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana að því að auðkenna og vernda viðkvæm vistkerfi á úthafinu fyrir skaðlegum veiðum.

- shá



Á SJÓRÆNINGJAVEIÐUM Um árabíl hafa sjóræningjaskip sótt á karfamiðin suðvestur af Íslandi.

MYND/LHG



FÍKNIEFNASÍMINN Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, minnti á blaðamannafundinum á fíkniefnasímann 800 5005, vilji fólk koma upplýsingum um sölu og dreifingu fíkniefna til lögreglu.

Venjuleg börn í sigti dópsala

Aukið framboð á e-töflum er verulegt áhyggjuefni að sögn lögreglu sem varar við neyslu efnisins. Lögregla hefur náð miklu magni e-tafna á árinu.

LÖGREGLUMÁL Framboð af e-töflum er að aukast hér á landi, samkvæmt upplýsingum fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Varar lögreglan sterklega við neyslu þessa fíkniefnis.

Þetta kom fram á blaðamannafundi sem fíkniefnadeild lögreglunnar efndi til í gær. Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildarinnar, sagði vísbendingar um aukið framboð e-tafna hér á landi meðal annars byggjast á því að að umtalsvert magn af e-töflum og MDNA-dufti hefði verið gert upp-tækt í síðasta mánuði í Pólstjórnunarmálinu svokallaða, en duftið er notað til að búa til e-töflur. Þjöldi tafna sem hægt hefði verið að steypa úr MDNA-duftinu hefði oltið á tugum þúsunda stykkja.

„Þeir sem standa að slíkum innflutningi eru sannfærðir um að markaðurinn sé fyrir hendi hér á landi,“ sagði Karl Steinar.

Þá kom fram í máli hans að hald hefði verið lagt á töluvert magn af e-töflum í götumálum á síðustu vikum. Í þeim málum hefði meðal annars verið lagt hald á ryðrauðar töflur sem líktust gostöflum. Í þær væri þrykkt merki sem sýndi broskall. Þá hefðu verið lagt hald á

hvítar e-töflur með merkinu 007. Virtist það vera gert til að auðvelda sölu en kaupendur gætu þá beðið sölumenn um broskall eða spæjara.

Karl Steinar sagði enn fremur að svo virðist sem aukin neysla á e-töflum væri bundin við umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Markhópur sölumanna væri ungmenni, einkum á aldrinum 16-20 ára.

Matthías Halldórsson landlæknir sem einnig sat fundinn sagði að e-töflur væru markaðssettar fyrir venjulega krakka. Hann undirstrikaði að neysla þessa fíkniefnis væri stórhættuleg. Hún gæti meðal annars valdið ofhitnun í líkamanum, sem aftur gæti dregið fólk til dauða. Þá leiddi endurtekin neysla e-pillunnar til þunglyndis og kvíða auk þess sem hún hefði áhrif á hjarta- og æðakerfið.

Eiður Eiddsson, í forvarnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, varaði sérstaklega við svonefndum salapartíum. Þá tækju ungmenni samkomusal á leigu og létu boð út ganga um samkvæmi. Þarna væri um að ræða eftirlitslaus samkvæmi þar sem neysla á áfengi og fíkniefnum færi fram.

js@frettabladid.is

SIEMENS
Kryddaðu eldhúsið með heimilistækjum frá Siemens.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

51 ár liðið frá uppreisninni í Ungverjalandi:

Ógnaratburða minnst

UNGVERJALAND, AP Tugþúsundir Ungverja tóku í gær þátt í minningargöngu í Búdapest í tilefni af 51 árs afmæli uppreisnarinnar gegn kommúnistastjórninni árið 1956. Fyrir göngunni stóð Fidesz, stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn.

Á mánudag kom til átaka lögreglu og hægriöfgamanna, sem fylkt höfðu liði. Nítján manns meiddust, 14 lögreglumenn og þrjú fréttaljósmyndarar.

- aa



FÓRNARLAMBA MINNST Göngumaður kveikir á kerti til minningar um fórnarlömb alræðisstjórna 20. aldarinnar.

Skoskur stúdent dæmdur:

Vildi fremja hryðjuverk

SKOTLAND, AP Skoskur háskóla-stúdent sem lýsti því yfir að hann vildi verða sjálfsmorðsprengjumaður var í gær dæmdur til átta ára fangelsisvistar.

Fylgst hafði verið með Moham-med Atif Siddique, sem er 21 árs, í nokkra mánuði áður en hann var handtekinn í apríl í fyrra þegar hann ætlaði um borð í flugvél frá Glasgow til Pakistans.

Siddique hafði sett á netið leiðbeiningar um sprengjuerð, byssur og sprengiefni að sögn saksóknara. Sagði dómari ljóst að Siddique hefði ekki búið yfir þessum upplýsingum aðeins vegna saklausrar forvitni. - sdg

Halldór Ingólfsson, framkvæmdastjóri Glaums, um stækkun Reykjanesbrautar:

Verktíminn lengdist ekki nóg

FRAMKVÆMDIR Halldór Ingólfsson, framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Glaums, segir að tilboð í verkefnið Reykjanesbraut-Fífuhvammur-Kaplakriki hafi hljóðað upp á 727 milljónir króna og verið 76 prósent af kostnaðaráætlun. Fljótlega hafi mislægum gatnamótum við Urriðaholt verið bætt inn í og með því hafi verkefnið stækkað um 90 prósent en verktíminn aðeins lengst um sex prósent.

Fréttablaðið greindi frá því nýlega að verktakinn lyki framkvæmdinni sennilega ekki fyrr en í desember. Halldór segir að veður og mikill umferðarþungi hafi tafið framkvæmdina. „Eini skugginn



LÆRDÓMSRÍKT AÐ UPPLIFA „Lærdómsríkt væri fyrir fólk að upplifa þær aðstæður sem okkur er boðið upp á hér,” segir Halldór Ingólfsson, framkvæmdastjóri Glaums, sem hér sést með brúna við Urriðaholt fyrir aftan sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sem einkennt hefur verkið er umferðin,” segir hann. „Það ásamt mikilli spennu í samfélaginu hefur skapað hér óþægindi og hættur.“

Halldór segir að alltof seint hafi verið farið í að tvöfalda götuna og umferðarþungi sé mikill. Starfsmenn Glaums finna mjög fyrir óþreyjufullum vegfarendum sem aka um vinnusvæðið.

„Lærdómsríkt væri fyrir fólk að upplifa þær aðstæður sem okkur er boðið upp á hér. Erlendis væri svæði með þessari umferð vandlega afgirt til að tryggja öryggi okkar hér. Okkur hefur ekki verið gefinn kostur á slíku þrátt fyrir óskir þar um,” segir hann. - ghs



DÝRMÆTIR STEINAR Skartgripirnir sem þessi unga kverska stúlka ber og eru settir demöntum og smarögðum eru metnir á 145 til 194 milljónir króna. Þeir verða boðnir upp á uppboði í Hong Kong í næstu viku. NORDICPHOTOS/AFP



FÍLAR Á FERÐ Villtir fílar hafa drepið meira en 600 manns í héraðinu undanfarin sextán ár. NORDICPHOTOS/AFP

Tryllust og fengu raflost:

Fílar dóu eftir bjórdrykkju

INDLAND, AP Sex villtir fílar fengu raflost og dóu þegar þeir gengu berserksgang eftir að hafa drukkið hrísgrjónabjór í afskekktu héraði í norðausturluta Indlands.

Tæplega 40 fílar komu til þorps á föstudag í leit að mat og fundu nokkrir þeirra hrísgrjónabjór sem bændur á svæðinu framleiða. Eftir að hafa drukkið hrísgrjónabjórinn rann æði á fílana og rifu þeir upp rafmagnsstaur sem varð til þess að sex fengu raflost og drápu.

Fjórir villtir fílar drápu við svipaðar aðstæður í héraðinu fyrir fjórum árum. - sdg



ROBERT GATES

NATO og Afganistan:

Gates gagnrýnir Evrópuríkin

ÚKRAÍNA, AP Robert Gates, varnarmálaráðgjafi Bandaríkjanna, gagnrýndi evrópsku NATO-ríkin á mánudag fyrir að standa ekki við að senda þann fjölda hermanna til Afganistans sem ríkisstjórnir viðkomandi landa hafa skuldbundið sig til.

„Ég er ekki sáttur við að bandalag sem hefur samtals á að skipa yfir tveimur milljónum hermanna í land-, sjó- og flugherjum geti ekki lagt fram þann litla liðsauka sem heitið hefur verið að senda til Afganistans,” sagði Gates á blaðamannafundi í Kíev í Úkraínu. Gates sagðist ætla að fylgja málinu eftir á varnarmálaráðherrafundi NATO í Hollandi síðar í vikunni. - aa

www.sturta.is
allan sólarhringinn!
Baðlegur!!!
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Sími: 565-5566
sturta.is

www.volkswagen.is

Hágæða vetrardekk að verðmæti 70.000 kr. fylgja með!

1.998.000 kr.

Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

Sportpakki á nýju og enn betra verði 190.000 kr. Verð áður 280.000 kr.

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur

Golf Trendline kostar aðeins 20.100 kr. á mánuði miðað við 30% útborgun og bilasamning SP til 84 mánaða.

Volkswagen Golf er grænn bill

HEKLA Laugavegi 172-174 • sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri • Akranesi • Ísafirði • Reyðarfirði • Reykjanesbæ • Selfossi

HINTA HUSIÐ / SIA - 07-1848



Í BOLTALEIK Frægasti ísbjörn í heimi, hinn ástsæli Knútur, hefur vaxið úr grasi frá því hann kom fyrst fyrir augu almennings í dýragarðinum í Berlín í Þýskalandi í ársbyrjun. Hann er þó ekki vaxinn upp því að leika sér með bolta.

NORDICPHOTOS/AFP

Starfsmenn Ölgerðarinnar keppast við að bæta umferðarmenningu:

Aksturskeppni fækkar tjónum

UMFERÐARMÁL Umferðaróhöppum hjá starfsmönnum Ölgerðar Egils Skallagrímssonar hefur fækkað um 80 prósent á síðustu tveimur árum síðan fyrirtækið innleiddi flotastýringarkerfi frá fyrirtækinu ND á Íslandi. Bílstjórar fyrirtækisins eru tjónalausir síðan í júní eftir að góðaksturskeppni á milli starfsmanna hófst í samstarfi við Tryggingamiðstöð Íslands.

Leikurinn byggist á aksturslagsgreiningu sem mælir frávik í akstri. Starfsmennirnir keppast við að fá eins fá frávik í akstri og mögulegt er, en metnar eru inngjafir, hemlanir og beygjur.



TJÓNALOUSIR Búnaður sem mælir aksturslag hefur fækkað tjónum hjá Ölgerðinni um 80 prósent á tveimur árum.

MYND/INGI BJÖRN SIGURÐSSON

Árangurinn hefur ekki látið á sér standa því ekki eru öikumenn

fyrirtækisins aðeins tjónalausir síðan í júní heldur hefur hámarksbraði ökutækja lækkað verulega á tímabilinu.

Gunnlaugur Einar Briem, innkaupastjóri hjá Ölgerðinni, segir að á vegum fyrirtækisins séu 27 bílar í umferð á hverjum tíma. „Umferðaröryggi er okkur efst í huga en breytt aksturslag hefur dregið úr tjónum og sliti á bílunum. Það er okkar gróði og tryggingafélagsins. Svo má segja að samfélagið í heild hagnist og ljóst að tækifæri til að bæta umferðarmenningu með þessum búnaði eru mikil.“

- shá

Fjárreiður Fjöliðjunnar:

Unnið að úttekt á fjármálunum

STJÓRNÝSLA Ríkisendurskoðun hefur að undanförunni unnið að úttekt á fjárreiðum Fjöliðjunnar á Akranesi, vinnustað fyrir fatlaða. Vísbandingar benda til að ekki sé allt með felldu í rekstrinum. Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi verð frétta en segist þó reikna með að gerð úttektarinnar ljúki öðru hvorum megin við helgina.

Forstöðumaður Fjöliðjunnar hefur látið af störfum.

Fjöliðjan heyrir undir Svæðisskrifstofu Vesturlands sem fær fé til rekstrars frá félagsmálaráðuneytinu.

- mh

Sótt að Lettlandsstjórn:

Gagnrýnd en stóðst vantraust

LETTLAND, AP Ríkisstjórn Lettlands stóð í gær af sér atkvæðagreiðslu um vantraust á þingi, en til hennar var efnt af þingmönnum stjórnarandstöðunnar vegna umdeilds brottrekstrar spillingarrannsóknarmálastjóra ríkisins.



AIGARS KALVITIS

Aigars Kalvitis forsætisráðherra og fjögurra flokka samsteypastjórn hans voru harkalega gagnrýnd fyrir að reka Aleksejs Loskutovs, yfirmann spillingarvarnastofnunar Lettlands. Margir líta svo á að pólitískar ástæður liggi að baki brottrekstrinum vegna þess að Loskutovs hafi verið að rannsaka vafasöm fjárframlög til flokks Kalvitis. Tveir ráðherrar hafa sagt sig úr stjórninni vegna málsins.

- aa

Innbrot á Selfossi:

Stálu fötum og komust á brott

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í fataverslunina Klick á Selfossi um helgina og þaðan stolið tölurveru af fötum og einnig sjóðsvél úr búðarkassa. Enginn peningur var í vélinni.

Lögreglan var kölluð til um klukkan hálfsex á sunnudagsmorgun en þá voru innbrotsbjófarnir á bak og burt. Ekki voru öryggismyndavélar í búðinni og vitni höfðu ekki gefið sig fram. Verðmæti fatnaðarins hleypur á hundruðum þúsunda. Þeir sem einhverjar upplýsingar geta veitt um innbrotið eru beðnir um að snúa sér til lögreglunnar á Selfossi. Símanúmerið þar er 480 1010.

- mh

MILLILANDAFLUG

Tafir vegna vinds

Millilandaflug tafðist nokkuð í gær þegar vindhraði fór yfir öryggismörk við flugstöðina á Keflavíkflugvelli.

Erlendir fulltrúar fáir á ársfundinum

Erlendir ríkisborgarar voru rúmlega eitt prósent fundarmanna á ársfundi ASÍ í síðustu viku en eru hátt í tíu prósent af heildarvinnuafninu á Íslandi. Vania Koleva leikskólustarfsmaður var einn þriggja erlendra fulltrúa á þinginu.

VINNUMARKAÐUR Aðeins örfáir erlendir starfsmenn voru fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar á ársfundi Alþýðusambands Íslands í síðustu viku eða rúmlega eitt prósent fundarmanna miðað við tvo fulltrúa Eflingar og einn frá VR sem bersýnilega voru af erlendum uppruna.

Erlendir starfsmenn eru hátt í tíu prósent af vinnuafninu í landinu og um 35 prósent af félagsmönnum Eflingar. Um fimm prósent af fulltrúum Eflingar á ársfundinum voru því erlendir ríkisborgarar, svo dæmi sé nefnt.

Vania Valentinova Koleva er starfsmaður á leikskóla í Reykjavík og trúnaðarmaður Eflingar. Hún var einn af fulltrúunum á ársfundinum. „Mér var boðið á ársfundinn og ég var líka á þingi Starfsgreinasambandsins fyrir nokkrum vikum. Ég hef ekki mikla reynslu í þessu en mér leist bara nokkuð vel á það sem ég sá og heyrði,“ segir hún.

Vania er frá Búlgaríu en hefur búið á Íslandi í fjórtán ár og er nú í íslenskunámi í Háskóla Íslands. Hún hefur verið trúnaðarmaður í tvö ár og er ánægð með það. Hún segir að eina beina svárið við því af hverju hún hafi tekið að sér að vera trúnaðarmaður sé það að hún sé „baráttukona sem berst fyrir réttindum fólks. Mér finnst leiðinlegt þegar farið er illa með fólk og er



SIGURÐUR BESSASON

til í að beita mér gegn því,“ segir hún. „Ég held að fólk sé hrætt við að beita sér í verkalýðsmálum og það þekkir ekki nógu vel réttindi sín. Þegar fólk biður um upplýsingar fær það oft loðið svar og sættir sig bara við það,“ segir Vania.



HRÆDDIR VIÐ AÐ BEITA SÉR Vania V. Koleva, sem er frá Búlgaríu, hefur búið á Íslandi í fjórtán ár. Hún starfar á leikskólanum Mariúborg og er þar trúnaðarmaður fyrir félagsmenn Eflingar. Vania segir að útlendingar séu gjarnan hræddir við að beita sér en sjálf er hún alveg óttalaus.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mér finnst leiðinlegt þegar farið er illa með fólk og er til í að beita mér gegn því“

VANIA VALENTINOVA KOLEVA STARFSMAÐUR Á LEIKSKÓLA OG TRÚNAÐARMANNA FÜRIR FÉLAGSMENN EFLINGAR

til í að beita mér gegn því,“ segir hún.

„Ég held að fólk sé hrætt við að beita sér í verkalýðsmálum og það þekkir ekki nógu vel réttindi sín. Þegar fólk biður um upplýsingar fær það oft loðið svar og sættir sig bara við það,“ segir Vania.

Henni finnst hið opinbera stundum standa sig illa í

málefnum erlendra ríkisborgara. „Ég þekki kerfið og veit að stundum getur maður hringt fimm sinnum í sömu stofnunina og aldrei fengið sömu upplýsingarnar. Það er ekki mikil fagmennska í því,“ segir hún.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir að hlutfall félagsmanna eigi að sjálfsgöðu að speglast í fulltrúunum á ársfundum ASÍ og það sé að breytast. „Þessi erlendi hópur sem hefur gott vald á íslenskunni fer stækkað og svo koma líka inn einstaklingar sem ekki hafa vald á íslenskri tungu en félagsmenn hafa valið sem sinn fulltrúa,“ segir hann. „Þess er síðan ekki langt að biða að erlendir einstaklingar komi inn í störf og stjórnir félaga.“

- ghs



OLÍUSKIP

Ráðherrafundur í Lissabon:

Hættur aukinna siglinga ræddar

UMHVERFISMÁL Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hvatti til samstarfs ríkja vegna aukinna siglinga í Norðurhöfum á fundi evrópskra ráðherra um málefni hafnsins í Lissabon í gær. Ráðherra hvatti til samvinnu Evrópuríkja til að bregðast við breytingum sem verða vegna hlýnunar loftslags og minnkunar hafss í Norðurhöfum. Hún vakti athygli á stóru auknum sjóflutningum og aukinnar hættu fyrir lífríki af þeim sökum.

Ráðherrafundurinn var haldinn til að ræða tillögur um samræmda stefnumótun Evrópusambandsins í málefnum hafnsins. Ísland sendi ítarlegar athugasemdir við drög að stefnumótuninni fyrr á árinu og var boðið að sækja fundinn í Lissabon ásamt Noregi, auk ráðherra ESB-landa.

- shá

Áskorun Grundfirðinga:

Hægt verði að bæta foktjón

SVEITARSTJÓRNIR „Bjarstjórn Grundarfjarðarbæjar skorar á ríkisstjórn Íslands og alþingismenn að breyta lögum um viðlagatryggingar á þann veg að

tjónabætur vegna náttúruhamfara nái einnig yfir afleiðingar ofsaveðra,“ segir í



GRUNDAFJÓRÐUR Ofsaveður verði felld inn í viðlagatryggingu.

áskorun frá Grundfirðingum sem vilja að þannig verði mögulegt að greiða bætur vegna tjóna af völdum ofsaveðra sem tíð eru á Snæfellsnesi. Í slíkum veðrum verða iðulega skemmdir á bæði mannvirkjum og bílum.

- gar

Geislasverð Loga geimgengils á leið út í geim:

Geimskot Discovery

BANDARÍKIN, AP Geimfluginni Discovery með sjö geimfara innanborðs var skotið á loft frá Canaveralhöfða í Flórída í Bandaríkjunum í gær. Auk geimfara og nauðsynlegs búnaðar er einnig um borð geislasverð Loga geimgengils úr Stjörnustríðsmyndunum í tilefni þess að 30 ár eru frá því að fyrsta myndin var sýnd.

Geimferjan hefur meðferðis íbúðarklefa á stærð við litla rútu sem geimfararnir munu næstu tvær vikur vinna við að koma fyrir í alþjóðlegu geimstöðinni sem er á sporbaug um jörðu.

Alþjóðlega geimstöðin mun



Á LEIÐ ÚT Í GEIM Geimskotið varð klukkan 15.38 að íslenskum tíma í Kennedy-geimstöðinni í Flórída.

NORDICPHOTOS/AFP

stækka enn meira á næstu mánuðum þegar evrópskar og japanskar rannsóknstofur verða festar við klefann.

- sdg

MANET sokkabuxur

MYSTIC leggings

OROBLU

Kynningar á nýju vetrarvörum frá Oroblu í Lyf og heilsu

- Miðvikudag, kl. 13-17 í Hveragerði
- Fimmtudag, kl. 13-17 á Selfossi
- Föstudag, kl. 13-17 á Eiðistorgi

Kaupauki fylgir vöru frá Oroblu

Lyf & heilsa

VIÐ HILSMAN!

Eldhús

Rýmum fyrir nýjum innréttingum!

magnaður afsláttur af sýningareldhúsum!

Natural birki, spónlagt

249.900,-

~~áður 813.475,-~~

Innifalið:
Borðplata,
ljós og höldur



EIK ROMANTIC

199.000,-

~~áður kr. 682.123,-~~

Innifalið:
Borðplata,
stálvaskur,
ljós og höldur

DUO STYLE háglans hvítt

179.900,-

~~áður kr. 516.000,-~~

Innifalið:
Borðplata
og ljós

EIK ABS

189.900,-

~~áður kr. 270.644,-~~

Innifalið:
Borðplata,
ljós, höldur og
eldhúsvaskur



Glæsilegar eldhúsinnréttingar frá einum stærsta og virtasta framleiðanda Danmerkur, TVIS-Kökkener as sem stofnsett var 1952.



Pvottahúsinnrétting ABS

134.900,-

~~áður kr. 214.480,-~~

Innifalið:
Borðplata og
höldur

...fyrstir koma, fyrstir fá!



www.i-t.is

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

RISA



ÚRVALSBÍLAMARKAÐUR Í FÍFUNNI 25. - 28. OKTÓBER



YARIS
Verð frá: 1.210.000,-
Afborgun pr. mán. 19.315,-*



COROLLA
Verð frá: 1.360.000,-
Afborgun pr. mán. 21.692,-*

BNB - sölugreining

Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Hvað er úrvalsbíll?

- 12 mánaða viðbótarábyrgð
- Ef hann bílar sjáum við um viðgerð
- Við lánnum þér annan bíl á meðan
- Umframábyrgð á bremsuhlutum
- 14 daga skiptiréttur

GLITNIR

* m.v. 100% Bílasamning Glitnis til 84 mánaða. Myntkarfa GL3.
Ath. með fjármögnun verður heildargreiðsla hærri en verð bílsins.



VELDU ÚRVALSBÍLINN ÞINN ÁÐUR EN EINHVER ANNAR GERIR ÞAÐ!

- Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgja hverjum seldum bíl
- Allt að 100% fjármögnun í boði Glitnis
- Allir bílar á heilsársdekkjum
- 5000 kr. gjafakort í Saga Boutique
- Starfsfólk Glitnis veitir ráðgjöf á staðnum
- Léttar kaffiveitingar

HAFÐU HRAÐANN Á ÞVÍ ÞESSIR BÍLALEIGUBÍLAR STALDRA STUTT VIÐ!



AVENSIS
Verð frá: 2.220.000,-
Afborgun pr. mán. 35.320,-*



RAV4
Verð frá: 2.660.000,-
Afborgun pr. mán. 42.292,-*

OPIÐ:

Fimmtudag og föstudag: 10 - 21
Laugardag og sunnudag: 10 - 18



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Hugsjónir og stjórnsmál geta verið snúin blanda.

Sannfæring stundum?

JÓN KALDAL SKRIFAR

Fyrir okkur leikmennina er dálítið ruglingslegt að fylgjast með pólitískri umræðu þessa dagana. Stjórnsmálmenningin skamma hver annan ýmist fyrir að snúa baki við hugsjónum sínum eða að standa með þeim. Tökum til dæmis Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. Honum er nú núðið um nasir að styðja frumvarp um afnám á einkasölu ríkisins á bjór og léttvíni því það sé andsnúið lýðheilsu þjóðarinnar. Guðlaugur er þó ekki sekur um annað en að standa með þeirri ágætu sannfæringu sinni að þeim sem vilja kaupa bjór eða léttvín í næsta stórmarkaði eigi að vera það frjálst, rétt eins og hann hefur margsinis talað fyrir á Alþingi áður en hann varð ráðherra.

En svo eru það hinir sem eru ekki jafn stefnufastir og heilbrigðisráðherra.

Það er til að mynda erfitt að dæma um hvort ýmsa sjálfstæðismenn hafi hrakið af leið er þeir gripu ekki til aðgerða þegar ríkishlutfélagin Síminn og Íslandsþóstur seildust inn á samkeppnismarkað með kaupum á sjónvarpsstöðinni Skjá einum og prentsmiðjunni Samskiptum á sínum tíma. Bæði kaup voru gerð á vakt sjálfstæðismanna í ríkisstjórn og í umboði þeirra ráðherra. Var aðgerðaleysi þá vegna skorts á sannfæringu fyrir því að opinber fyrirtæki ættu ekki að stunda áhættusaman samkeppnisrekstur? Eða er samstaðan nú með borgarstjórnarflokknum um að REI sé ómögulegt fyrirtæki, vegna þess að það standi í samkeppni og áhætturekstri, ef til vill hin rétta sannfæring?

Pétur Gunnarsson benti á Eyjubloggi sínu í fyrrakvöld á ágætt dæmi um vanda þeirra sem fylgjast með á hliðarlínu hins pólitíska leikvallar við að greina þarna á milli. Pétur rifjar upp viðtal við Illuga Gunnarsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, sem birtist í DV 13. júlí. Til umræðu voru hræringar í kringum Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Geysi Green Energy. Samþykktir Landsfundar Sjálfstæðisflokksins voru Illuga greinilega enn ofarlega í huga þegar hann felldi þennan dóm: „Hér er að verða til nýr iðnaður sem er á fullri ferð í útrás og gæti skapað ný tækifæri. Við verðum að leiða saman kapítalastana, viðskiptamennina og orkufyrirtækin. Þetta getur orðið pottur sem knýr útrásina áfram.“

Vindum svo klukkuna fram til 7. október þegar sami Illugi fjallar um sjónarmið sín og flokkssystkina sinna í Fréttablaðinu í tengslum við hvort rétt hafi verið að sameina REI og GGE: „...umræðan var knúin áfram af þeirri sannfæringu að ekki væri eðlilegt að fyrirtæki í eigu borgarinnar væri að vasast í öðru en þeim verkefnum sem féllu undir samfélagsþjónustu. Ef hugmyndin með stofnun dótturfélags Orkuveitunnar er sú að græða peninga fyrir borgarbúa, hví þá að láta staðar numið þar, hví ekki að láta til dæmis Borgarbókasafnið stofna vogunarsjóð og fjárfesta í íslenskum hlutabréfum?“

Hvor skyldi nú vera hin rétta sannfæring Illuga? Á að búa til pott orkufyrirtækja og kapítalista „sem knýr útrásina áfram“ eða ekki? Eða vill Illugi kannski ekki að borgarþegar græði á því að orkufyrirtæki þeirra sé leitt saman við kapítalastana?

Um þetta er snúið að úrskurða. Nema þessi málflutningur sé dæmi um svokallaðan pólitískan þroska? Þeim sem eru komnir á slíkt þroskastig skal ráðlagt að láta alveg kyrrt að tala um sannfæringu, sína og annarra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). **FULLTRÚU RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimil á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN: 1670-3821.

COME2 SCANDINAVIA



Á leið til Skandinavíu?

Við hjá Come2 Scandinavia aðstoðum þig að finna bestu verðin á flugi, gistingu, bílaleigubíl og annarri afþreyingu.

Erum með tvær stórar og rúmgóðar íbúðir á Vesterbrogade til leigu. Frábær lausn fyrir hópa og fjölskyldur.

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.



www.come2-scandinavia.dk - info@come2scandinavia.com - +45 33 25 64 25

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gervimaður í stól rektors

Nemendur og starfsmenn Háskóla Íslands klórðu sér aðeins í höfðinu í gær eftir að hafa fengið tölvupóst frá sendandanum „Gervimaður Evrópa“. Við lestur póstsins kom þó í ljós að um var að ræða orðsendingu frá Kristínu Ingólfssdóttur rektor, þar sem hún var að kynna fund um framtíðarskipulag skólans. Stuttu seinna kom þó leiðrétting þar sem fram kom að pósturinn hefði í raun átt að koma frá skrifstofu rektors, en ekki frá Gervimanni. Það heiti hefði komið til vegna „tæknilegra mistaka“.



„Ég veit sem er að þú lætur ekki öfund og róg trufla þig í vegferð þinni á leið til afreka.“ Nú er Margrét Lára úr Eyjum og sjálfsgert er að heimamenn styðji sína konu. Hins vegar hlýtur það að vera álitamál ef

Bæjarstjóri blandar sér í fótboltadeilu

Mikil umræða hefur átt sér stað um val leikmanna á knattspyrnukonu ársins og hvort annarlegar ástæður hafi legið því að baki að Margrét Lára Viðarsdóttir fékk ekki flest atkvæði í því kjöri. Í gær sá bæjarstjóri Vestmannaeyja, Elliði Vignisson, ástæðu til að blanda sér í þá umræðu og skrifaði opið bréf til Margrétar Lára á Sudurland.is þar sem hann segir meðal annars: „Ég veit sem er að þú lætur ekki öfund og róg trufla þig í vegferð þinni á leið til afreka.“ Nú er Margrét Lára úr Eyjum og sjálfsgert er að heimamenn styðji sína konu. Hins vegar hlýtur það að vera álitamál ef



bæjarstjóri fer að blanda sér í jafn viðkvæma deilu og þessa.

Hverju skiptir einn Bjarni til eða frá?

„Það hefur enginn spurt eftir Bjarna,“ segir Össur Skarphéðinsson við mbl. is í gær, þar sem hann var í Indónesíu á fundum. Á hann þar að sjálfsgöðu við Bjarna Ármannsson, stjórnarformann REI. Nú þóttist Orkuveitan hafa himin höndum tekið þegar Bjarni Ármannsson samþykkti að gerast hluthafi í REI og stjórnarformaður. En þetta er kannski málið – að það spyrji enginn í útlöndum eftir Bjarna, þar sem Reykjavík Energy er mun þekktara „vöruheiti“.

svanborg@frettabladid.is

Framhaldssagan

Að undanförunu hefur dunið yfir Frakka framhaldssaga, sem ég hygg þó að enginn hafi óskað eftir; það er sagan um hjónabandsmál forsetans, sem nú virðist lokið að sinni með skilnaði, hvert sem áframhaldið kann að verða. Þetta er í rauninni nýjung. Hingað til hefur það nefnilega verið blýföst regla franskra fréttamanna og annarra fjölmiðlamanna – og að þessu leyti eru þeir gerólíkir starfsbræðrum sínum handan Ermarsunds – að fjalla aldrei um neitt það sem varðar einkalíf stjórnsmálamanna. Þeir vita kannske sitt af hverju, og alls kyns orðrómur getur gengið fjöllumum hærra, en um það sést ekki stafur í neinum blöðum, né annars staðar. Öllum fréttamönnum mun hafa verið fullkunnugt um kvennámál Mitterrands forseta, en þeir gættu fyllstu þagmælsku. Svo gerðist það að forsetinn ákvað sjálfur að leiða laundóttur sína fram í ljósið með pomp og pragt. Og þá var kátt í höllinni. Þetta þótti svo fjarskalega elegant, menn leystu frá skjóðunni hver sem betur gat og sungu tvíkvenismanninum í forsetastól lof og þris, meðan myndasmíðir munduðu sín þing.

Ástæðunnar til þess að Nikulás Sarkozy fær aðra meðhöndlun í fjölmiðlum er hvergi að leita nema til hans sjálfs. Eins og fréttamenn hafa bent á, ákvað hann að heyja sína stjórnsmálbaráttu upp á amerískan móð, með því að hafa fjölskylduna í sviðsljósinu með sér. Jafnan þegar hann kom fram, hélt ræðu og slíkt, sat hin glæsta Sesselja Sarkozy einhvers staðar í grenndinni, og fallegi litli drengurinn, sonur þeirra, var að leika sér, sífellt myndefni fyrir sjónvarpsmenn. Hann uppduðbaði Sesselju sem sérlegan „ráðgjafa“ sinn, í því hlutverki hafði hún skrifstofu við hliðina á hans eigin salarkynnum þegar hann var ráðherra, hann gerði hana að „sérlegum sendi-



EINAR MÁR JÓNSSON Í DAG | Skilnaður Frakklandsforseta

manni“ sínum og sendi hana til Líbyú eins og frelsandi engil til að leysa búlgörsku hjúkrunarkonurnar úr haldi.

Sagt er að ýmsir ráðgjafar Sarkozys sem vissu sínu viti, hafi bent honum á að það væri ekki vent fyrir hann að hafa spúsu sína svo mjög í sviðsljósinu, hann skyldi fara að með meiri höfsemd, en það var víst engu tauti við hann komið. Hjá því varð þess vegna ekki komist að það yrði líka fjölmiðlamál, þegar snurða hljóp á þráðinn, og Sesselja stakk af til New York með einhverjum elskhuga. Blaðamenn voru líka tilbúnir til að taka eftir því, þegar hún hvarf af sjónarsviðinu um lengri eða skemmri tíma, og þeir hnýstust í kjörgögn í bænum Neuilly þar sem þau hjón voru á kjörskrá, en þar mátti lesa að Sesselja hefði ekki greitt atkvæði í seinni umferð forsetakosninganna, og þar af leiðandi ekki kosioð mann sinn. Sarkozy reyndi að stemma stigu við þessum fréttalutningi, en fékk ekki að gert. Síðan hófst hið langdregna skilnaðarmál og blaðamenn skýrðu frá öllum þeim orðrómi sem í gangi var.

Þetta eru mikil umskipti, en þýðir þetta eingöngu að Frakkar séu að taka upp einhverja bandaríska síði? Í tæpa hálfu öld hafa þeir búið við fremur undarlegt stjórnarfar. Það má segja að fyrst á sjö ára fresti og nú á fimm ára fresti kjósi þeir e.k. „konung“, þ.e.a.s. mann sem hefur öll völd og

alla þræði í hendi sér (nema þegar kjósendur gera honum þá skráveifu að senda andstæðinga hans í meirihluta inn á þing, þá er hann valdalaus); hann nefnir forsætisráðherra eftir geðþótta, og gjarnan aðra ráðherra líka, og hann setur þá af þegar honum býður svo við að horfa. Það er ekkert mótvægi til. Því er ekki undarlegt þótt Frakklandsforsetar hafi verið veikir fyrir þeirri freistingu að haga sér í rauninni eins og einvaldskonungar. Þannig breiddi Giscard d'Estaing forseti út þann (ranga) orðróm, að hann væri afkomandi Lúðvíks 15., og í samræmi við það tók hann upp borðsíðu konunga í forsetahöllinni. Nú eru Frakklandskonungar fyrri alda frægir fyrir margt, en eitt sem er ofarlega á baugi um suma þeirra í sögunni eru einmitt kvennámál, flókin og fjöl-skrúðug. Með því að taka upp konunglega síði á því sviði og gera það heyrnum kunnugt reið Mitterrand á vaðið, og Nikulás Sarkozy heldur áfram á þeirri braut með því að vera í fjölmiðlum fyrir hjónabandsmál.

Þá er rétt að líta á tíma-setninguna. Þetta skilnaðarmál var búið að vera lengi á dagskrá og menn bjuggust við tilkynningunni dag eftir dag. Svo kom hún loks fimmtudaginn 18. október. Hvers vegna þá? Jú, þann dag voru umfangsmikil verkföll í öllu samgöngukerfi landsins vegna mótmæla gegn samskonar áætlanum um breytingar á eftirlaunum og þeirri sem hratt af stað verkföllunum í vetrarbyrjun 1995 og varð þáverandi stjórn að falli. Landið var nánast því lamað. En með því að gefa út tilkynninguna var tryggt að þetta yrði ekki aðalfréttin í fjölmiðlum, skilnaðurinn ýtti henni til hliðar og þandi sig yfir forsíðurnar. Það var eins og ekkert hefði gerst í þjóðardjúpinu. Að vissu leyti var þetta líka tilgangurinn með þrjú konunga á fyrri tímum.

Dguar Smðneuiiau Þðjónnaa

UMRÆÐAN

Ólæsi

Fyrirsögnin hér að ofan á að tákna ólæsi, en um er að ræða einfalt stafarugl af orðunum: „Dagur Sameinuðu þjóðanna“. Í dag glímir 781 milljón manna í heiminum við ólæsi. Sameinuðu þjóðirnar (SD) hafa sett sér markmið um að uppræta ólæsi. Telst markmiðið hluti af öðru af átta svonefndum 2015-markmiðum Sameinuðu þjóðanna [Þúsaldarmarkmiðunum] sem eiga að nást fyrir árið 2015.

2015-markmiðin eru nú almenn viðmið í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og eru víðast hvar orðin helsta forgangsatríði allra sem eiga hlut að máli, ríkisstjórna, stofnana á vegum Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra fjármálastofnana. Ýmis samtök og hagsmunaaðilar eru einnig farin að vinna eftir 2015-markmiðunum sem eru skýr og tölusett. Eigi þau að nást verða öll ríki að taka mið af þeim í utanríkisstefnu sinni og þróunarverkefnum.

Jafnvel þótt SD hafi sett sér umrædd markmið árið 2000 og svo margir vinni eftir þeim eru þau ekki vel þekkt meðal almennings. Samkvæmt könnun Euro-



ÞRÓSTUR FREYR GYLFASON

barometer, sem gerir reglulega kannanir í ríkjum Evrópusambandsins, vita færri en 10% Evrópubúa hvað felst í markmiðunum. 80% Evrópubúa höfðu ekki svo mikið sem heyrnt um 2015-markmiðin árið 2007.

Þar er komið að ákveðinni þversögn: Til að 2015-markmiðin njóti fylgis meðal almennings og þar með stuðnings aðildarríkja SD verður almenningur að þekkja til markmiðanna. Í þessu tilvikinu verður eggjið að koma á undan hænunni. Því er áriðandi að nýta hvert færi sem gefst, til að ræða 2015-markmiðin.

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er rúmlega 60 ára gamalt og vinnur að því að fá almenning til almennrar umræðu, fylgis og stuðnings við markmið Sameinuðu þjóðanna. 2015-markmiðin ber þar hæst.

Í dag opnar Félag Sameinuðu þjóðanna fyrsta íslenska vefinn tileinkaðan 2015-markmiðum [Þúsaldarmarkmiðum] Sameinuðu þjóðanna, www.2015.is. Vefurinn er gerður að norrænni fyrirmynd og þar er að finna margskonar upplýsingar um markmiðin. Til hamingju með dag Sameinuðu þjóðanna, 24. október!

Höfundur er framkvæmdastjóri Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Fifth Gear, breskur bílapáttur, hefur valið nýja Fiat 500 bílinn sem besta smábíl ársins. Þetta þykir nokkuð merkilegt enda nokkrir mánuðir í að bíllinn verði frumsýndur í landinu. Þáttastjórnendur hrósuðu bílnum fyrir útlit, aksturseginnleika og gæði. Þá var einnig minnst á þær fimm stjörnur sem bíllinn hlaut í Euro NCAP áreksröprófinu.



Síðasta sunnudagsganga ferðafélagsins Útivistar verður á Grimmannsfell. Haldið er af stað frá BSÍ klukkan 10.30. Farið verður norðan á fjallið frá Gljúfrasteini í Mosfellsdal en göngunni lýkur í Þormóðsdal. Vegalendin er 11 km og göngutími um 5 tímar. www.utivist.is



Bílasýningin í Tókýó hefst í dag. Margir bílar verða frumsýndir á sýningunni, þar á meðal nýr Audi A1. Bíllinn er enn á hugmyndastigi en þó er talið að bíll mjög álíka þessu módeli verði frumsýndur á bílasýningunni í París á næsta ári.

allt

Einstakt lúxustilboð!

Barcelona

í nóvember

frá kr. **39.990**

5. nóv.
12. nóv.
19. nóv.

Aðeins örfá herbergi í boði!

Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta lífsins og dekra við þig í aðbúnaði í þessari einstaklega fögru borg á frábærum kjörum. Þjóðum frábært sértílbod á einu af vinsælustu hótélum okkar, Hotel Barcelona Plaza ****. Þjóðum einnig ótrúlegt lúxustílbod á hinu glæsilega Hotel Granados 83 ****+ hóteli, sem býður frábæra staðsetningu í hjarta Barcelona. Einstaklega glæsilegt fjögurra stjörnu "superior" hótél með frábærum aðbúnaði og þjónustu. Ath. aðeins örfá herbergi eru í boði á þessum kjörum.

Frá kr. 39.990 M.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Barcelona Plaza **** með morgunverði, 5., 12. eða 19. nóvember. Netverð á mann.	Frá kr. 49.990 M.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Granados 83 ****+ með morgunverði, 5., 12. eða 19. nóvember. Netverð á mann.
--	---

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



Regína Hreinsdóttir er nýráðinn þjóðgarðsvörður í Skaftafelli. Hún hefur undanfarin sex ár gengið ein um náttúru Íslands við gróðurkortlagningu, þar sem villt dýr hafa oft verið henni til skemmtunar og samferða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í villibráð með tófu

Regína Hreinsdóttir er nýráðinn þjóðgarðsvörður í Skaftafelli. Hún greip ekki gæsina þegar hún gafst úr kjafti tófu.

„Ég var að kortleggja gróður hjá Skjálfandafljóti þegar tófa kom hlaupandi með myndarlega gæs í kjaftinum. Þarna skokkaði hún fram hjá mér í 20 metra fjarlægð og tók lengst af ekki eftir mér fyrr en allt í einu að hún sér mig og stekkur upp í loft, hringsnýst og gæsin út í buskann í hamaganginum. Ég fann til með tófugreyinu þegar hún hljóp hrædd á brott en staðnæmdist svo til að sjá hvað ég ætlaði mér með gæsina, og velti fyrir sér hvort hún ætti að þora til baka. Ég vona að þessi fagra tófa hafi náð í bráð sína aftur því þörf hennar fyrir æti var meiri en mín,“ segir landfræðingurinn Regína Hreinsdóttir sem undanfarin sex ár hefur unnið hjá Náttúrufræðistofnun Íslands við gróðurkortlagningu.

„Starfið felur í sér miklar göngur um hálendið og þá fer ég um með loftmyndir af svæðinu sem ég teikna inn á gróður lands. Í óbyggðunum er ég mikið ein og það gefur mér mikið að vera í svo nánum tengslum við náttúruna og komast í tæri við tófur, fugla og önnur smádýr í þeirra ósnortna umhverfi,“

segir Regína sem er fædd og uppalin í Nesjum í Hornafirði og nýráðinn þjóðgarðsvörður við þjóðgarðinn í Skaftafelli.

„Ég var búin að svipast eftir starfi úti í sveit því ég hafði lengi alið með mér draum um að flytja út á land. Ég hlakka því mikið til að flytjast með fjölskyldunni til Skaftafells í jólamánuðinum; í hina fámennu og góðmennu Örafasveit. Ég þekki ótrúlega fallett landsvæði Skaftafells vel og svo búa foreldrar mínir skammt frá, svo segja má að ég sé komin heim,“ segir Regína brosmild, en eftirlætisstaður hennar á Íslandi er landsvæðið að Fjallabaki.

„Náttúra Íslands er óútreiknanleg en ég hef lært töluvert að ferðast og tel mig örugga á sama tíma og ég finn til smæðar minnar gagnvart náttúruöflunum þegar ég er ein á ferð að kortleggja lönd úr alfaraleið. Ég er aldrei hrædd, en leik mér auðvitað ekki að því að keyra yfir jökulár. Flest vöð sem ég þarf að fara yfir eru tiltölulega meinlaus og ég gæti þess að vera vel útbúin fyrir veðrum,“ segir Regína sem hlakkar mikið til að starfa í þjóðgarðinum á nýja árinu.

„Fjölbreytnin í náttúrunni og mannlífinu heillar mig. Landvarðarstarfið er það skemmtilegasta í heimi.“ thordis@frettabladid.is

Webasto
Feel the drive

Lífstíðarábyrgð

Sætishitari í bílinn þinn!

2 hitastillingar sem halda stöðugum hita.

Passar á allar sætisgerðir

Láttu ekki kuldan gera þér gramt í geði

BÍLASMIÐURINN HF

BÍLASMIÐURINN HF • BÍLDHÖFÐA 16 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI: 567 2330
BÍLASMIÐURINN @ BÍLASMIÐURINN.IS

Merkilegt uppboð fer fram í Battersea Park í London hinn 31. október. Þá verður eitt besta bíla-safn heims boðið til sölu en það er í eigu Formúlu 1 foringjans Bernie Ecclestone. www.fib.is



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Mazda 6 10/06
Ekinn 15 000 km
Sjálfskiptur,
17" álfelgur,
filmur í rúðum,
vindskeið o.fl.

Frábær bíll!
Verð 2.390 þús.

Uppl. í s. 659 4567.



BMW 1 series var kynntur í rigningarskúr innanhúss.

BMW kynntur með glæsibrag

Nýr BMW var kynntur með stæl á Saltfélaginu síðastliðinn föstudag.

Nýjar línur í húsgögnum, tísku-fötum og BMW-bifreiðum voru kynntar með frumlegum hætti í versluninni Saltfélaginu síðastliðið föstudagskvöld. Gestir gæddu sér á sushi meðan fyrir-sætur kynntu fót í nýjum stólum og sófum.

Þá var komið að aðalnumeri kvöldsins þegar nýr BMW Ás var frumsýndur í rigningarskúr innandyra.

Bíllinn er töluvert breyttur. Breytingar voru gerðar á ytra

útliti hans, til dæmis með nýja gerð stuðara. Þá hefur mikið verið lagt í innréttinguna með nýju mælaborði og nýrri skiptingu milli sæta.

BMW tekur líkt og aðrir bíla-framleiðendur þátt í umhverfiskapphlaupinu. „Efficient Dynamics“ kallast kerfið sem notað er í bílinn og er samsafn nokkurra tækninýjunga sem eiga að gera bílinn umhverfsvænni og sparneynari. Til dæmis slekkur vélin á sér á ljósum og fer í gang aftur án þess að bílstjóri verði þess var. Þá uppfyllir nýja dísilvélin skilyrði um lága kolefnisloftun svo leggja má honum ókeypis í miðbæ Reykjavíkur.



Lexus IS var valinn bíll ársins 2007.

Tólf bílar í úrslit

TILKYNNT VERÐUR UM VÁL Á BÍL ÁRSINS 2008 Á FÖSTUDAG.

Eftir forvalskeppni standa tólf bílar eftir í keppninni um Bíl ársins 2008 á Íslandi. Greint verður frá niðurstöðunni í lokahófi 26. október þar sem samgönguráðherra mun afhenda verðlaunin við hátíðlega athöfn. Eftirtaldir bílar eru í lokahópnum:

Smábílar

- Opel Corsa
- Skoda Fabia
- Skoda Roomster

Millstærðarbílar

- Subaru Impreza
- Toyota Auris
- Volvo C30

Stærri fjölskyldubílar og lúxusbílar

- Ford Mondeo
- Mercedes-Benz C
- Volvo V70

Jeppar/jeppingar/pallbílar

- Honda CR-V
- Land Rover Freelander
- Opel Antara

BYL

VAR GUDMUNDS

alla virka daga kl. 9

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AD HLUSTA!

Flottur og umhverfsvænn

Aptera þykir sameina umhverfsvæna eiginleika og framúr-stefnulegt útlit.

Nei, þetta er ekki bíllinn úr Back to the Future, en hann kemst nokkuð nærri. Bifreiðin kallast Aptera og hefur vakið athygli fyrir framúr-stefnulegt útlit og umhverfsvæna eiginleika.

Þessi þriggja hjóla bifreið býður upp á tvo valkosti; auk þess að vera hefðbundinn tvinnbíll, sem keyrir annaðhvort á rafmagni eða eldsneyti, er hún tengtvinnbíll.



Þótt vængirnir gefi ýmislegt til kynna getur bifreiðin ekki flogið.

Það merkir að bifreiðin er búin stærri rafhlöðu en ella sem má hlaða til dæmis á nóttunni. Áætlað er ein hleðsla dugi til að koma bifreiðinni áfram um 120 kílómetra. Útblástur og hávaðamengun minnka því talsvert við notkun rafhlöðunnar.

Auk þess er bíllinn búinn öllum stöðluðum eiginleikum, svo sem loftpúðum, upptökuvél á afturhluta, GPS-staðsetningartæki og CD/MP3/DVD-spilara og lyklausu aðgengi. Nánari upplýsingar á síðunni www.aptera.com.

Sendum frítt um land allt!

Felgustærðir: 15", 16" og 17"
Úrval jeppadekkja upp í 38"

JEPPADEKK.is

Ertu að spá í bílakaup?
VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á www.gf.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

Gæði vetrarhjólbarða

Systurfélag FÍB í Þýskalandi, ADAC, hefur prófað og gert samanburð á algengustu tegundum og stærðum vetrarhjólbarða.

Hlutverk vetrarhjólbarða er mjög margþætt þar sem þeir þurfa að takast á við flóknar aðstæður svo sem sólskin og varma, regn og bleytu, krap, snjó og ís. Hjólbarðinn þarf að halda hámarksveggripi í öllum þessum aðstæðum auk þess sem hröðunar- og hemlunarafli þarf að vera í hámarki.

Eins hefur sú krafa orðið æ háværari í Evrópu að hjólbarðar hafi lága núningsmótstöðu þar sem slíkt sparar eldsneyti og dregur þar af leiðandi úr útblæstri koltvísýrings.

FÍB birtir á heimasíðu sinni niðurstöður prófana sem ADAC hefur gert á veggripi og gæðum vetrarhjólbarða. Könnunin tekur til allra eiginleika vetrarhjólbarða sem máli skipta og ef heildar- niðurstaða hjólbarðans er mjög góð getur hann fengið umsögnina: Við mælum með.

Í flokki minni hjólbarðanna voru aðeins tvö dekk sem sérstaklega var mælt með en það eru Dunlop SP Winter Response og Continental WinterContact TS 800. Hjólbarðar af þessari stærð passa meðal annars undir bíla á borð við Fiat Punto, Ford Fiesta og Renault Clio.

Í samanburði á stærri dekkjunum voru einnig aðeins tvö dekk sem sérstaklega var mælt með. Það eru hið nýja Michelin Primacy Alpin PA 3 og Dunlop SP Winter Sport 3D og passa þau undir bíla eins og Audi A4, BMW



Að mörgu er að huga þegar valin eru vetrardekk undir bílinn og er könnun ADAC í Þýskalandi á vetrarhjólborðum ætlað að auðvelda öikumönnum valið.

3eroder og Opel Zafira. Þess má geta að á heildina litið voru dekkinn í stærri flokknum betri en í minni flokknum.

Þá eru naglar ekki leyfðir í Þýskalandi og því voru nagladekk ekki tekin með í könnuninni.

- sig

Arctic Trucks jeppa- og ferðalagaskólinn

Námskeið

● GPS-námskeið

UPPSELT

Fimmtudaginn 25. október frá kl. 20:00 til 22:00.

Miðvikudaginn 21. nóvember frá kl. 20:00 til 22:00 – SKRÁNING HAFIN
Farið er í grunnatriði GPS-notkunar, svo sem stillingar tækisins, hvað beri að varast, töku vegpunkta, gerð leiða og ferla. Einnig er farið í grunnatriði notkunar á Garmin forritunum MapSource og nRoute ásamt því hvernig hægt er að varpa GPS-gögnum yfir á GoogleEarth. Námskeiðið miðast við notkun GPS-tækja til útivistar, t.d. í gönguferðir, jeppaferðir eða vélsleðaferðir. Sjón er sögu ríkari.

● Jeppanámskeið

Fimmtudaginn 1. nóvember frá kl. 20:00 til 22:00.

Leiðbeinandi er Vilhjálmur Freyr Jónsson tæknifræðingur og jeppamaður. Námskeiðið tekur fyrir alla helstu þætti jeppamennskunnar. Fjallað verður um kosti og eiginleika jeppans og viðbrögð við mismunandi aðstæðum. Innifalið í námskeiðgjaldinu er Jeppabók Arctic Trucks sem er 120 síðna hafsjór af fróðleik.

● Verklegt jeppanámskeið fyrir óvana ökumenn og konur

Laugardaginn 3. nóvember kl. 9:00 til 19:00.

Námskeiðið er ætlað óvönnum ökumönnum og konum og felst í að ekin verður jeppaleið þar sem er að finna margvíslegar áskoranir og leitast við að leiðbeina ökumönnum um meðhöndlun bílsins við mismunandi aðstæður. Leiðbeinendur eru vanir jeppamenn. Hámarksfjöldi bíla í ferðinni er 10. Innifalið í námskeiðsgjaldinu er Jeppabók Arctic Trucks og lán á VHF talstöð.

Skráning á jeppar.is og í síma 540 4900



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is



Bílaþjónusta Magga

Viðgerðarþjónusta - Smurþjónusta - Pústþjónusta - Hjólbarðarþjónusta - Bón og þvottur sækjum og stálum bílum frítt fyrir alla okkar þjónustu

TILBOÐ

á umfelgun 3.495 kr. og Alþrif 5.490 kr

*tilboðið gildir út 2007

Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opíð. 9-18 og 9-16 á laugardögum



Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÖPAVOGI · SÍMI: 567 7360

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM



Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólánámskeið.

Næsta helgarnámskeið til aukina ökuréttinda byrjar 5 október á Akureyri

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI



Sérpantanir
Frá USA tvisvar í viku!!
Original-varahlutir,
aukahlutir, skrauthlutir og
tjúnhlutir.
Allt sem hugurinn ginnist!!

Bilabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000
oplið 8-18 og laugard. 11-14

Bilabúð Benna ehf.
Bíldshöfða 10,
Sími: 587 1000
www.benni.is



Okkar ástkæri,

Magnús Jónsson

sem lést af slysförum hinn 15. október sl., verður jarðsönginn frá Seljakirkju fimmtudaginn 25. október næstkomandi kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hins látna er bent á styrktarsjóð Thorvaldsensfélagsins fyrir sykursjúk börn í sínum 551 3509 og 898 5584.

Guðrún Dagný Pétursdóttir
Hrefna Magnúsdóttir
Auður Jónsdóttir
Petra Jónsdóttir
Kristjana Þórdís Jónsdóttir
Jón Tryggvi Jónsson

Jón Tryggvason
Vidur Pálsson

Jóhannes Karl Sveinsson
Svala Arnardóttir



Elskulegur afi minn og bróðir okkar,

Aðalsteinn Kristjánsson

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 18. október. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 26. október kl. 14.00.

Hulda Ólafsdóttir
og systkinin frá Gásam.

ROSA PARKS MANNRETTINDAFRÖMUDUR LÉST ÞENNAÐAG ÁRIÐ 2005

„Ég var bara að reyna að komast heim úr vinnunni.“

Rosa Parks var fátæk bandarísk blökkukona sem var handtekin, ákærð og sektuð fyrir að neita að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni í Alabama árið 1955. Bekkirir voru aðeins ætlaðir hvítum og í kjölfarið hófst mótmælaalda þar sem Martin Luther King reis til forustu í mannréttindabaráttu blökkumanna. Rosa Parks hlaut æðstu heiðursorðu Bandaríkjaþings árið 1999.



tímamót

timamot@frettabladid.is

NÝR FORMAÐUR UMFÍ: KONA Í FYRSTA SINN FORMAÐUR Í HUNDRAD ÁRA SÖGU

Þakklæti og gleði efst í huga

Helga Guðrún Guðjónsdóttir var einróma kjörin formaður Ungmennafélags Íslands á 45. þingi hreyfingarinnar sem fór fram á Þingvöllum síðustu helgi.

Hreyfingin fagnar í ár hundrad ára starfsafmæli og þess vegna vel við hæfi að kona taki við formennsku í fyrsta sinn í sögu hreyfingarinnar. Helga Guðrún hefur verið í stjórn hreyfingarinnar síðastliðin tíu ár og nú síðast sem varaformaður.

„Starfið leggst mjög vel í mig og ég er full af þakklæti, gleði og eftirvæntingu“, segir Helga Guðrún sem starfar dagsdaglega sem aðstoðarskólástjóri við grunnskólann í Hveragerði.

„Ég hef unnið með börnum og unglíngum alla mína hunds- og kattartíð og er heppin að hafa sveigjanlegan vinnutíma og jákvæða atvinnurekendur til að geta formenskunnin samhliða starfi“, segir Helga Guðrún en öll störf UMFÍ eru unnin í sjálfböðavinnu.

Helga segir starf hreyfingarinnar í miklum vexti og nefnir meðal annars Play the Game ráðstefnuna sem verður haldin í samstarfi við Samtök íþróttafréttamanna og er liður í 100 ára afmæli UMFÍ. Einnig undirbúning unglíngalandsmóts í Þorlákshöfn á næsta ári og framkvæmdir á þjónustumiðstöð í miðbæ Reykjavíkur.

„Við samþykktum margar góðar tillögur á síðasta þingi sem þarf að fylgja eftir. Síðan ætla ég að fara hægt og hljótt í ýmsar breytingar“, segir Helga Guðrún sem segir af nógu að taka fyrir nýjan formann og nefnir meðal annars aukio samstarf við aðila í sama geira.

„Mig langar að efla samstarf við aðila í íþrótt- og æskulýðsstarfi og umhverfis og menningarmálum. Þá horfi ég sérstaklega til ríkis, sveitarfélaga og íþróttabandalaganna, æskulýðssamtaka og fyrirtækja“, segir Helga Guðrún og bætir við: „Mig langar líka til að komast í tengsl við grasrótina og fá að vita hvernig hún sér fyrir sér hreyfinguna sem kröftugasta.“

Framkvæmdir á nýrri þjónustumiðstöð við Tryggvagötu í Reykjavík eru þegar hafnar og Helga Guðrún segir að stefnt sé að því að vígja miðstöðina í maí 2009.

„Þjónustumiðstöðin verður allhliða íþrótt- og menningarmiðstöð og ég held að í kjölfarið verði miklar breytingar. Bæði fyrir starf hreyfingarinnar og fyrir miðbæinn“, segir Helga Guðrún sem segir þó að stefnumótun á starfi miðstöðvarinnar sé enn á byrjunarstigi.



RÆKTUN LÝÐS OG LANDS Í HUNDRAD ÁR
Allt starf UMFÍ er unnið í sjálfböðavinnu að sögn Helgu Guðrúnar sem starfar dagsdaglega sem aðstoðarskólástjóri grunnskólans í Hveragerði.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Aðalmarkmið hreyfingarinnar, ræktun lýðs og lands, hefur verið hið sama síðastliðin hundrad ár og Helga Guðrún segir enga breytingu þar á. „Við viljum byggja hreyfinguna á heiðarleika, heilbrigði, trausti, virðingu og umhyggju, þar sem félagsmenn fá að taka þátt í verkefnum á þessu sviði“, segir Helga Guðrún sem segir meðal annars vera

framundan starf til að virkja börn af erlendum uppruna til íþrótt- og æskulýðsstarfs og samstarf varðandi íþróttastarf aldraðra ásamt næsta Landsmóti. „Fyrsta landsmót hreyfingarinnar var haldið á Akureyri árið 1909 svo það er víðeigandi að halda það á sama stað hundrad árum síðar“, segir Helga Guðrún.

rh@frettabladid.is



Okkar ástkæri,

Þórir Þorláksson

er látinn. Jarðarförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík þann 30. október kl. 15.00.

Þorsteinn Guðmundsson
Eiríkur Ernir Þorsteinsson
P. Sævar Halldórsson
Dóra Soffía Þorlákssdóttir
Linda Sif Þorlákssdóttir

Sigrún Erla Skúladóttir



Okkar ástkæri,

Sigurdór Jóhannsson

rafvirkjameistari, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness 22. október.

Sigríður Eyjólfssdóttir
Sigrún Sigurdórsdóttir
Bragi Þór Sigurdórsson
Jóhann Sigurdórsson
Hlynur Sigurdórsson

Erum við hrædd við jafnrétti?

Jafnréttisráðstefna miðvikudaginn 24. október kl. 14:00 í ráðstefnusal Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs á Keflavíkurlflugvelli. Sent út um fjarfundabúnað til fræðslumiðstöðva um allt land. Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

Keilir, í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar, atvinnuþróunarfélög og tengslanet kvenna á landsbyggðinni, stendur fyrir ráðstefnu um stöðu jafnréttismála þann 24. október 2007.

Dagskrá ráðstefnunnar

- 14:00 - 14:15** Opnunarávarp - Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra.
14:15 - 14:45 Kona á Kárahnjúkum - Yrsa Sigurðardóttir, verkfræðingur og rithöfundur.
14:45 - 15:15 Kynbundinn launamunur: Hvað má gera og hvað má EKKI gera!
- Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.
15:15 - 15:45 Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri
- Lotta Snickare, stjórnendaráðgjafi og annar höfundur samnefndrar bókar.
15:45 - 16:15 Játning karlrembunnar - Lars Einar Engström, athafnamaður, ráðgjafi og höfundur samnefndrar bókar.
16:15 - 16:30 Hjallastefna fyrir fullorðna - Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Kaffi

- 16:50 - 17:00** Samantekt.
17:00 - 17:30 Pallborð - Árelía Eydís Guðmundsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, stýrir umræðum. Í pallborði sitja Margrét Pála Ólafsdóttir, Runólfur Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis, Stefán Guðmundsson hjá félagi ábyrgra feðra, Yrsa Sigurðardóttir og Þorlákur Karlsson.

Dúett, Sonnetta og myndlist. Sigurður Ingólfsson og Ólöf Björk Bragadóttir. Léttar veitingar og kynningar í anddyri.


Fundarstjóri verður Tinna Gunnlaugsdóttir, Þjóðleikhússtjóri.

Markmið

Markmið ráðstefnunnar er að ræða stöðu jafnréttismála og leiðir til að auka jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Sérstaklega verður farið ofan í hvernig uppeldi og menningarlegt umhverfi hefur áhrif á viðhorf og sjálfsmynd kynjanna. Rætt verður hvernig bæði kynin geta unnið með gildishlaðin viðhorf kynslóðanna til kynjahlutverka, viðhorf sem birtast í öllu okkar umhverfi frá fæðingu, í sjónvarpi, tímaritum, kennslustofum, heimilum o.s.frv.

Útsendingar

Ráðstefnan verður send út um fjarfundabúnað til: Þekkingarnets Austurlands Egilsstöðum, Nýheima á Höfn, Verkmenntaskóla Austurlands á Norðfirði, Visku Vestmannaeyjum, Farskóla N-VEST Sauðakróki, Símeypjar Akureyri, Þekkingarseturs Þingeyinga Húsavík, Fræðslunet Suðurlands á Selfossi í lðu og í Grunnskóla Mýrdalshrepps í Vík.



Merki



Keilir
Atlantic Center
of Excellence



Háskólavellir ehf.



Vegna gífurlegra vísueldis - aukasýningar í Rvk
 25. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 26. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 27. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00
 1. Náv. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 2. Náv. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 3. Náv. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00
 Miðsala daglega í Óperasal í síma 911-4300
 84 kl. 14-18 og 9 mið.is

Pabbinn
 PABBINN Á TOR UM LANDIÐ - ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.PABBINN.IS

Námskeið fyrir heimsóknnavini

Kópavogsdeild Rauða krossins óskar eftir sjálfbóðaliðum til að sinna heimsóknþjónustu. Undirbúningsnámskeið verður haldið í sjálfbóðamiðstöðinni Hamraborg 11 þriðjudaginn 30. október kl. 18.00-21.30. Námskeiðið er ókeypis og opið öllum áhugasömum.

Heimsóknnavinir Kópavogsdeildar rjúfa einsemd og félagslega einangrun fólks með heimsóknunum á einkaheimili og stofnanir. Heimsóknnavinir veita félagsskap m.a. með því að spjalla, lesa fyrir viðkomandi og fara í gönguferðir.

Auk undirbúningsnámskeiðsins bjóðum við sjálfbóðaliðum okkar námskeið í almennri skyndihjálp og sálrænni skyndihjálp án endurgjalds, auk annarrar þjálfunar og fræðslu.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 554 6626 eða með tölvupósti á kopavogur@redcross.is. Skráning er til 29. október.

 **Rauði kross Íslands**
Kópavogsdeild

Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11, 2. hæð • Opíð virka daga kl. 11-15 • www.redcross.is/kopavogur

Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!



Viltu breyt'eikkurru?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

STUÐ MILLI STRÍÐA Tiltekt í helgigripum

SUNNU DÍS MÁSDÓTTUR FINNST HRINGADRÓTTINSSAGA HRÚTLEIÐINLEG



Ég tók til í bókahillunum mínum fyrir tveimur vikum síðan, og henti fullum stórum Ikea-poka af bókum. Það þykir kannski ekki sérlega fréttæmt, en ég kem varla orðum að því hvað mér fannst þetta erfitt.

Sem hluti af bókaþjóðinni miklu hefur það í gegnum árin siast inn í sál mína að bækur séu helgigripir. Þær ber að umgangast af tilhlýðilegri virðingu (teblettir og keymylsna í bókum fá þó undanþágu, þar sem það flokkast bara sem sönnun á því að bókin sé svo góð að það sé ógerlegt að leggja hana frá

sér á matmálistímum). Sumir tala við blóm til þess að þau dafni, aðrir spila tónlist fyrir börn á meðgöngu, ég býð bókunum mínum góða nótt. Eða svona því sem næst.

Þegar stafllinn var kominn í pokann tók við kveðjustund. Ég táraðist nánast yfir bókum eins og Spáð í kaffibolla með hjálp orkusteina, Hvernig þú nuddar hundinn þinn til heilsu og English Historical Syntax: Verbal Construction. Þetta þótti mér eftir á að hyggja nokkuð merkilegt. Ég hef aldrei átt orkustein, er ekkert fyrir hunda gefin og les sjaldan um setningafræði mér til skemmtunar.

Í síðustu viku hrjáði mig skortur á lesefni og ég hélt því á vit snyrtilegu bókahillnanna minna. Ég

endaði á að grípa fyrsta bindi Hringadróttinssögu. Ég er nú gott betur en hálfnuð með hana, og það get ég sagt ykkur, mér finnst hún bara alveg hundleiðinleg. Sumir telja þetta eflaust guðlast, sem er einmitt kjarni málsins.

Ég held við séum ansi gjörn á þetta, að halda í hluti eins og hundanuddbækur, bara af því að okkur hefur verið sagt að bækur séu heilagar. Eða að kyngja því bara að ákveðnar bækur eða hlutir séu framúrskarandi góðir, af því að um það ríkir einhver sátt.

Það get ég sagt ykkur að ég er hætt að lesa Hringadróttinssögu. Mér fundust myndirnar betri. Og ég mun grisja hillurnar aftur að ári.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Veröld skuggablóma

Ný íslensk ópera verður frumflutt í Salnum í kvöld. Óperan ber heitið Skuggablóm og er tónlistin í henni eftir ungt íslenskt tónskáld, Helga Rafn Ingvarsson, en hann er nemandi í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands.

Óperur eru ekki sérlega algengt tónsmíðaform hérlandis, en Helgi Rafn hefur mikinn bakgrunn í sönglistinni. „Ég hef verið í hljóðfæra- og söngnámi í mörg ár og hef reynt ýmislegt í tónlistinni. Ég var búinn að prófa að fara út í poppið en langaði til að takast á við eitthvað sem tengdist tónsmíðanáminu.



FRÁ ÆFINGU Á VERKINU SKUGGABLÓM Það er ekki á hverjum degi sem ný íslensk ópera er frumflutt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég hafði samband við Garðar Cortes og spurði hann hvort Söngskólinn væri reiðubúinn að setja upp óperu ef ég sendi hana. Hann var til í það og þannig fór þetta af stað. Ég var að auki svo lánsamur að fá styrk frá Kópavogsbæ, þannig að ég var á launum við tónsmíðarnar í sumar.“

Helgi segist hafa fengið innblástur frá sígildum óperum. „Ég hlustaði töluvert á Verdi, Mozart og Monteverdi og hafði verk þeirra að leiðarljósi. Þessi ópera er ekki samin í stíl nútímatónlistar; hún er afar lagræn og mætti því segja að þetta sé fremur sígild ópera með nútímalegum áherslum. Ég vona í það minnsta að hinn almenni maður geti notið hennar.“

Í óperunni segir frá stúlkunni Tinnu sem á í sálrænum erfiðleikum. Hún sér og heyrir raddir og flýr í heim sem er öðrum hulinn. Helgi Rafn samdi handritið í samvinnu við annan nemanda við Listaháskólann, Árna Kristjánsson. „Við unnum söguþráðinn fyrst og ég bætti svo tónlistinni við þegar framvinda sögunnar var að mestu frágengin. Tónlistin byggir því á sögunni fremur en sagan á tónlistinni, enda finnst mér það eðlilegra.“

Með hlutverkin í óperunni fara 27 nemendur við óperudeild Söngskólans. Með þeim leikur strengjaskvartett úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, ásamt Hrönn Þráinsdóttur pianóleikara. Leikstjóri verksins er Sibylle Köll og hljómsveitarstjórnandi er Garðar Cortes.

Óperan er sýnd í kvöld og annað kvöld kl. 20 í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi. Listaráð Kópavogs býður ókeypis aðgang að verkinu og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Miðarnir á frumsýninguna eru búnir en enn eru til miðar á fimmtudagssýninguna. vigdis@frettabladid.is



LÚDRASVEIT REYKJAVÍKUR Heldur upp á 85 ára afmæli sitt í kvöld.

Stórafmæli blásara

Lúdrasveit Reykjavíkur heldur upp á 85 afmæli sitt með þremur stórtónleikum á árinu. Í kvöld fara fram í Neskirkju síðustu tónleikar afmælisársins og kemur lúdrasveitin þar fram með góðum gestum, þeim Agli Ólafssyni söngvara og Jóel Pálssyni saxófónleikara. Báðir þessir tónlistarmenn eiga langan og farsælan tónlistarferil að baki sem flytjendur og tónskáld. Stjórnandi á tónleikunum er Lárus Halldór Grímsson, en hann hefur stjórnað hljómsveitinni í rúm átta ár.

Á efnihránni eru nokkur af þekktustu tónverkum sögu blásarsveitatónlistar. Verkin eru First Suite in Eb eftir Gustav Holst, Molly on the Shore eftir Percy Aldridge Grainger, Symphonic Suite eftir Clifton Williams og Fifth Suite for Band eftir Alfred Reed.

Einnig verður flutt tónlist eftir

ekki ómerkari menn en Sting, Astor Piazzolla, Jan Magne Førde, Richard Rodgers og Oscar Hammerstein II. Dagskrá tónleikanna er því fjölbreytt og ættu flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi innan hennar.

Á afmælisárinu hafa leikið einleik með hljómsveitinni þeir Sigurður Flosason saxófónleikari, Einar Jóhannesson klarinettuleikari, Frank Aarnink slagverksleikari og Kristján Rúnarsson klarinettuleikari. Hljómsveitin hefur frumflutt ný íslensk tónverk á afmælisárinu, auk þess að Sneril-trommukonsert Áskels Mássonar, Konzertstück, var sérstaklega umskrifadur fyrir hljómsveitina og fluttur í febrúar á Myrkum músíkdögum Tónskáldafélags Íslands.

Tónleikarnir fara sem fyrr segir fram í Neskirkju í kvöld og hefjast klukkan 20. Aðgangur er ókeypis.

- vþ

NÝJAR BÆKUR

Glaupur – 12 nýjar íslenskar glæpasögur er komin út á forlagi Birtings og eru sögurnar allar í smásagnakeppninni Gaddakylfunni sem Mannlíf og Hið íslenska glæpafélag standa að. Höfundarnir eru á ýmsum aldri og koma úr öllum aldursþópum. Bókin er 103 síður í kiljubroti og mun fylgja tímaritinu Mannlífi.

Leйда kvöldmáltíðin eftir Javier Sierra er komin út hjá Máli og menningu í þýðingu Tómasar Einarssonar. Leonardo da Vinci er að klára málverk sitt af síðustu kvöldmáltíðinni og sögur eru í gangi um að við hirð hertogans í í Milanó. Páfagarður sendir sinn mann á vettvang. Þessi sögulegi krimmi er 358 síður í kilju.

The Mountain, stór og ríkulega myndskreytt bók um feril og verk Georgs Guðna, er komin út. Textinn eftir þá Hannes Sigurðsson og Aðalstein Ingólfsson er bæði á ensku og íslensku, en bókina kom út samtímis stórrí sýningu á verkum Georgs Guðna í Listasafni Akureyrar. Bókin er í mjúku bandi og stóru broti, 176 síður og er prentuð í Prentsmiðju Odda, Art.is. gefur út.

LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á mánudag kom fram að Dagmar Agnarsdóttir væri fyrsti íslenski myndlistarmaðurinn sem héldi einkasýningu á verkum sínum í Afríku. Það er ekki rétt, Nína Gautadóttir hélt einkasýningu í Níger árið 1983 og í Kamerún árið 1986. Eru viðkomandi beðnir velvirðingar á mistökunum.

Auðgýngingarnúmer
512 50 50



RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun



Renault Master
Verð frá kr. 3.080.000
Verð frá kr. 2.473.896 án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 47.332
Fjármögnunarleiga kr. 38.018 án vsk.

Renault Trafic
Verð frá kr. 2.380.000
Verð frá kr. 1.911.646 án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 37.345
Fjármögnunarleiga kr. 29.996 án vsk.

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.670.000
Verð frá kr. 1.341.365 án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.



www.renault.is

www.atvinnubilar.is

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

> VISSIR PÚ?

Leikkonan **Renée Zellweger** hreinlega gleymdi sínu eigin heimilisfangi þegar hún var búin að vera fjarri heimili sínu í Los Angeles í tvö ár. Fyrst var hún að taka upp *Cold Mountain* í Rúmeníu, svo *Bridget Jones: The Edge of Reason* í London og loks *Cinderella Man* í Toronto í Kanada.

fólk

folk@frettabladid.is



Málfar Samúels Arnar hrífur

„Þetta er nú eiginlega sprottið upp úr vinnunni. Ég vinn á Laugarvatni og er þar í íþróttafraeðimiðstöðinni. Svo er ég menntaður í íslensku og kenni hana. Þarna hef ég tækifæri til að tengja þessar tvær greinar saman,“ segir Guðmundur Sæmundsson, en hann hefur ákveðið að gera rannsókn á íslenski málnotkun innan íþróttar doktorsverkefni sínu. Hann segir að málfar íþróttafréttamanna sé misjafnt. „Sumt er í góðu lagi en annað síðra. Menn tala mikið um að málfar sé ekki nógu gott í beinum útsendingum. Ég hef þó tilhneigingu til að afsaka það. Menn eru mikið að flýta sér og ég hugsa að flestir myndu lenda í einhverju svipuðu ef á reyndi.“

Guðmundur segir íþróttafréttamenn hérlandis tala myndríkt og afdráttarlaust mál. „Það leikur sjaldnast vafi á því hvað



MÁLFAÐ Í ÍÞRÓTTUM Guðmundur Sæmundsson vinnur að doktorsverkefni um málnotkun innan íþróttar. Hann segir málfar íþróttafréttamanna myndríkt og afdráttarlaust.

talað er um. Málið er kannski svolítið ýkt og þarf kannski að vera það. Mér sýnist þó fyrirfram að ég geti varla sagt að talað sé vont mál innan íþróttar.“ Þegar Guðmundur er inntur eftir því hvaða íþróttafréttamaður standi að hans mati öðrum framar í íslenski málnotkun segir hann þá marga vera góða. „Ég hef alltaf hrífist af myndríku málfari Samúels Arnar sem nú er víst hættur störfum á þeim vettvangi. Einnig eru frjálsíþróttalýsingar Sigurbjörns Arna Arngrímssonar alltaf óborganlegar. Og Bjarni Fel – það fer enginn í fötin hans, það er næsta víst.“

- sók



HÆTTUR EN GÓÐUR Samúel Örn Erlingsson er hættur störfum sem íþróttafréttamaður en vakti athygli fyrir myndríkt málfar.

Akron til Íslands

Bandaríski kvartettinn Akron/Family spilar á Organ sjöunda desember. Sveitin, sem spilar tilraunakennda tónlist með popp- og þjóðlagayfirbragði, hefur verið starfandi í New York-borg síðan 2002. Fjórða plata hennar, *Love is Simple*, hefur fengið góða dóma og er af mörgum talin ein af plötum ársins.

Útgáfumerki Michael Gira, Young God Records, gefur út plötur Akron/Family. Michael var áður forspraki hávaðasveitarinnar The Swans, sem spilaði á Íslandi árið 1987. Michael segist hafa orðið hugfanginn af sveitinni eftir að hann sá hana á tónleikum. Hann setur þá upplifun í flokk með allra bestu tónleikaupplifunum lífs síns.

Tónleikar Akron/Family hérlandis verða þeir síðustu í tveggja



AKRON/FAMILY Hljómsveitin Akron/Family spilar á Organ sjöunda desember.

vikna ströngum tónleikatúr um Belgíu, Holland og Bretland. Miðsala er hafin og er aðgangseyrir 1.700 krónur.

Syngur lag eftir Björk

Bandaríski tónlistarmaðurinn Bonnie „Prince“ Billy syngur sína útgáfu af Bjarkar-laginu *I've Seen It All* á nýjustu plötu sinni, *Ask Forgiveness*, sem kemur út í næsta mánuði. Á plötunni eru átta útgáfur hans af lögum eftir aðra, þar á meðal lagi R. Kelly, *The World's Greatest*. Bonnie „Prince“ Billy, sem heitir réttu nafni Will Oldham, er ekki ókunnugur Björk því fyrir tveimur árum söng hann dúett með henni í laginu *Gratitude* á plötunni *Drawing Restraint* 9.



BONNIE „PRINCE“ BILLY Syngur sína útgáfu af lagi Bjarkar á nýrri plötu.

Nýsir hf., kt. 690191-1219, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar víxla sem OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur samþykkt og gert aðgengilega almenningi frá og með 24. október 2007.

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 4.250.000.000 var gefinn út þann 19 mars sl. og er auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. NYSI 08 0319. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 19. mars 2008. Víxlarnir verða skráðir í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 24. október 2007.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast hjá útgefanda Nýsi hf., Reykjavíkurvegi 74, 220 Hafnarfirði, í ár frá birtingu lýsingarinnar og á vefsetri útgefanda, www.nysir.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 24. október 2007



Flytur í bítlabæinn Esher

Einar Bárðarson er fluttur með fjölskyldu sína til Englands. Hann seldi íbúð fjölskyldunnar í Vesturbænum og hefur fest kaup á einbýlishúsi í smábæ í Surrey.

„Við erum bara í mjög góðum gir hérna og erum að koma okkur fyrir,“ segir Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands, en hann hefur loks látið verða af því að flytjast búferlum til Englands þar sem hann hefur verið með annan fótinn undanfarnin ár.

Einar og eiginkonan Áslaug Thelma Einarsdóttir hafa selt íbúð sína á Hagamel 8 og keypt sér lítið einbýlishús í átta þúsund manna bæjarfélaginu Esher í Surrey. „Þetta er alls enginn íburður heldur bara fjölskylduvænt hús með tveim gestaherbergjum fyrir vini og fjölskyldu,“ segir Einar sem hefur hingað til haft íbúð til umráða í miðborg Lundúna. „Þetta hefur verið mjög slítandi, að vera á þessum ferðalögum, með lykka að öllum íbúðum og á sífelldum þönum,“ segir Einar, en mestur krafturinn að undanfögnu hefur farið í að koma ferli Garðars Thors Cortes á flug í Bretlandi.

Esher er týpískur enskur smábær að sögn Einars, kirkjan á vinstri hönd og pöbbinn á þá hægri. Og svo er hestabúgarður nánast í bakgarðinum hjá þeim hjónum en þau eiga eina litla dóttur sem vafalítið á eftir njóta sín í nærveru hestanna. Esher þykir af finni sortinni og hinir látnu Bítlar, George Harrison og John Lennon, áttu báðir hús í bænum. Harrison var þó búsettur þar ögn lengur en Lennon og gerðu Bítlarnir sig oft heimakomna hjá honum um miðjan sjöunda áratuginn.

Einar sagðist í samtali við Fréttablaðið vera ákaflega hamingjusamur yfir því að fjölskyldan væri loksins flutt út til hans. Mæðgurnar væru þó hæstánægðar líka. „Þeim líst ákaflega vel á þetta og þetta eru



ALFLUTTUR TIL ENGLANDS Einar Bárðarson hefur flust búferlum með fjölskyldu sína til Englands. Hún hefur fest kaup á húsi í smábænum Esher í Surrey.

svo sem engin stórtíðindi á heimilinu enda hefur verið unnið að þessu í nokkurn tíma,“ segir Einar. „Og svo erum við líka með barn á þeim aldri að þetta er engin meiri háttar röskun á hennar höfum,“ bætir hann við.

Og Einar hafði aðra ástæðu til að gleðjast því bókin hans, *Öll trixín* í bókinni, fór í prentun í gær en gert er ráð fyrir að hún komi út um miðjan nóvember. „Fyrst bókinni um Ólaf Ragnar Grímsson hefur

verið frestað ætti þetta að vera auðvelt,“ segir Einar sem hyggst afhenda góðvinum sínum á X-inu 977 fyrsta eintakið en þeir hafa verið með undirskriftalista á netinu til stuðnings því að Einar Bárðarson hætti öllum afskiptum af íslenski tónlist. „Eina vandamálið er að ég veit ekki í hvaða framhaldsskóla þessi útvarpstöð er rekin,“ segir Einar sem hyggst næst láta sjá sig á Íslandi þegar bókinni kemur út. freyrigjia@frettabladid.is

Halle Berry sagði gyðingabrandara

Leikkonan Halle Berry hefur beðist afsökunar eftir að hafa sagt nokkurs konar brandara um gyðinga í þætti Jay Leno fyrir helgi.

Brandarinn var klipptur út áður en þátturinn var sýndur. Berry var að sýna Leno myndir af sér sem hafði verið breytt í tölvu. Á einni mynd var hún með afar stórt nef. Þegar sú mynd birtist sagði leikkonan stundarhátt: „Hér líkist ég frænda mínum sem er gyðingur.“ Orðið „gyðingur“ var klippt út fyrir útsendinguna og upptaka af hlátri áhorfenda sett í staðinn.

Eftir að Berry lét athugasemdina falla sagði Leno: „Ég er feginn að þú sagðir þetta en ekki ég.“ Þá svaraði Berry: „Guð minn góður, er ég búin að eyðileggja feril minn?“ Það var reyndar Berry sjálf sem bað um að athugasemdin yrði klippt út úr þættinum. „Ég ætlaði alls ekki að móðga neinn,“ segir hún. „Eftir þáttinn áttaði ég mig á því að þetta gæti móðgað einhvern.“



HALLE BERRY Sagði gyðingabrandara í viðtali hjá Jay Leno.



BRANGELINA Brad og Angelina framleiða sjónvarpsþætti um hjálparstarf.

Hjálparstarf í sjónvarpið

Hollywood-parið Brad Pitt og Angelina Jolie ætla að framleiða sjónvarpsþætti sem fjalla um hóp hjálparstarfsmanna sem starfar á stríðshrjádum svæðum. Þættirnir fjalla um það sem gerist á bak við tjöldin hjá alþjóðlegri hjálparstofnun þar sem sjónum verður beint að fólkinu sem þar starfar.

Jolie hefur sem kunnugt er verið góðgerðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna síðastliðin sex ár.

ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



ÍVAR GUÐMUNDS
alla virka daga kl. 9

SIMMI OG JÓI
laugardaga kl. 9

ENN Á TALI
sunnudaga kl. 16

RÚNAR RÓBERTS
alla virka daga kl. 13

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
alla virka daga kl. 16

Í BÍTIÐ
alla virka daga kl. 7

MÚSÍK OG SPORT
laugardaga kl. 16

VALDÍS GUNNARS
sunnudaga kl. 9

KVÖLDSÖGUR
fimmtudagskvöld kl. 22

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Hallgrímur í Weekendavisen

Rithöfundurinn Hallgrímur Helgason er í stóru viðtali í nýjasta tölublaði danska tímaritsins Weekendavisen, sem kemur út einu sinni í viku. Blaðamaðurinn Prøstur Helgason ræðir þar við hann um skriftirnar, bókina Rokland, sem nýlega kom út í danski þýðingu, menningu og pólitík.

Hallgrímur segir þar meðal annars að innreið konu hans, Oddnýjar Sturludóttur, í pólitík hafi haft áhrif á hversu mikið hann tjái sig um stjórnmál. „Það setti mig í klípu. Nú er ég fyrir fram stimplaður sem samfylkingarmaður [socialdemokrat],“ segir Hallgrímur. „Sá dagur getur samt komið að ég fari að gagnrýna nýju ríkisstjórnina. Þann dag er heimilis-

friðurinn úti,“ bætti hann við.

Hallgrímur, sem hefur sjálfur skrifað greinar fyrir Weekendavisen, segist ekki hafa miklar áhyggjur af versnandi samskiptum Danmerkur og Íslands, sem hafa verið til umræðu síðan íslenskir auðjöfrar lögðust í útrás. „Ég held að þau eigi rætur sínar að rekja til þess að Danirnir hafa aldrei tekið okkur alvarlega. Við erum jú gömul nýlenda, og þannig lagað á ekki að láta fyrir sér finna í gömlu höfuðborginni,“ segir Hallgrímur. „En ég hef spurt sjálfan mig hvernig okkur brygði við ef það kæmi hópur af Græn-

lendingum og keypti okkar heitelskuðu verslunarmiðstöðvar og helminginn af miðbæ Reykjavíkur. Ég er hræddur um að við yrðum ekki sérlega glöð, þeir eru jú svo fáir. Stóri bróðir er aldrei glaður þegar litli bróðir verður of stór,“ segir Hallgrímur.



HEIMILISFRÍÐURINN ÚTI Hallgrímur segir í viðtali við Weekendavisen að þann dag sem hann fari að gagnrýna núverandi ríkisstjórn verði heimilisfríðurinn úti.



GERIR HEIMILDARMYND Jón Ármann Steinsson býr og starfar í Los Angeles. Hann vinnur um þessar mundir að heimildarmynd um ástandið á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna.

Í skotheldu vesti við kvikmyndagerð í Mexíkó

Kvikmyndagerðarmaðurinn Jón Ármann Steinsson vinnur að heimildarmynd um ástandið sem ríkir á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó þar sem bæði eiturlyf og ólöglegir innflytjendur í leit að ameríska draumnum streyma yfir landamærin.

Jón Ármann segir að þeir félagarnir séu að fjármagna myndina „upp úr rassvasanum“. „Efnið sem við höfum aflað er hins vegar einstakt því við þorum að fara nálægt viðfangsefninu og höfum vernd lögreglunnar og landamæravarða sem fagna því að við erum ekki með eigin hagsmuni eða pólitíska að leiðarljósi. Fyrir vikið höfum við fengið aðsamt mikið af myndefni og jafnvel trúnaðarupplýsingar. Við höfum myndefni af leigumörðingjum og dopsmyglurum í skotbardögum við lögregluna hérna megin landamæra og Mexíkómegin. Líka af jarðvinnuvélum sem smyglarar nota til að byggja brýr yfir Rio Grande og leggja vegi í gegnum friðaða bandaríska þjóðgarða svo þeir komi döpínu áfallalaust í gegn.“ Samkvæmt Jóni Ármanni er í ofanálag stöðugur straumur af fólki yfir landamærin í leit að ameríska draumnum. „Löggjafinn er ráðalaus gagnvart þessu því framleiðslu- og þjónustugeirinn þarf á þessu fólki að halda og alls kyns félagasamtök og hagsmunasamtök halda löggjafarvaldinu í gíslingu.“

Myndin verður frumsýnd með vorinu. „Það er tímabært fyrir forsetakosningar og þingkosningar sem munu að miklu leyti snúast um innflytjendamál og hæfni stjórnvalda til að vernda heimalandið fyrir hryðjuverkaárásum.“



EITURLYF Í STÓRUM STÍL Hér má sjá ökutæki sem stolið var í Texas eknur yfir landamærin til að fylla það af eiturlyfjum og aftur til Bandaríkjanna.



Í LEIT AÐ AMERÍSKA DRAUMNUM Stöðugur straumur fólks liggur frá Mexíkó yfir til Bandaríkjanna. Þessi hópur var handsamaður þar sem hann reyndi að koma sér yfir landamærin í gripaflutningavagni.

Post ein besta plata allra tíma

Plata Bjarkar Guðmundsdóttur, Post, er á lista bandaríska tónlistartímaritsins Rolling Stone yfir fimm hundruð bestu plötur allra tíma. Platan situr í 373. sæti og er eina íslenska platan á listanum.

Á Post, sem kom út árið 1995, eru lög á borð við It's Oh So Quiet, Isobel og Army of Me. Í efsta sæti á listanum er Bítlaplattan Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band sem kom út árið 1967 og í sæti númer tvö er Pet Sounds með The Beach Boys.

Í því þriðja er Revolver með Bítlunum en alls eiga fjórmenn-ingarnir frá Liverpool fjórar plötur á topp tíu.

Þrjár efstu plötur á listanum tengjast á skemmtilegan hátt því eftir að Brian Wilson, forsprakki The Beach Boys, heyrði Revolver í fyrsta sinn leit hann á hana sem áskorun og hét því að búa til enn betri plötu. Þegar



BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Plata Bjarkar, Post, er á lista Rolling Stone yfir 500 bestu plötur allra tíma.

TÍU BESTU PLÖTURNAR

1. Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band - Bítlarnir
2. Pet Sounds - The Beach Boys
3. Revolver - Bítlarnir
4. Highway 61 Revisited - Bob Dylan
5. Rubber Soul - Bítlarnir
6. What's Going On - Marvin Gaye
7. Exile on Main Street - The Rolling Stones
8. London Calling - The Clash
9. Blonde on Blonde - Bob Dylan
10. Hvíta alúmið - Bítlarnir

Bítlarnir heyrðu síðan Pet Sounds vildu þeir einnig gera betur og útkoman varð Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band.

Fyrir neðan Björk á listanum eru þekktar plötur á borð við (What's The Story) Morning Glory með Oasis, Elephant með The White Stripes, Time Out of Mind með Bob Dylan, Kid A með Radiohead og All Things Must Pass með George Harrison.

NÝTT Í BÍÓ!

LUXUS Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 530 1919

REGNBÖGINN Sími 462 3500

THE HEARTBREAK KID	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	RESIDENT EVIL 3	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
THE HEARTBREAK KID LUXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30		4 MONTHS ENSKUR TEXTI	kl. 5:40 - 8 - 10:15	12
RESIDENT EVIL 3	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16	EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI	kl. 5:40 - 8	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10	14	ALEXANDRA ENSKUR TEXTI	kl. 6	14
SUPERBAD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	HALLOWEEN	kl. 8 - 10:30	16
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 3:50		SHOOT EM UP	kl. 10:20	16
BRETTIN UPP ISL. TAL.	kl. 3:45				
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL.	kl. 3:45 300 kr. Sö. símtölur				

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 530 1919

SYNDIR FEBRANNA	kl. 6 - 8 - 10	12	THE HEARTBREAK KID	kl. 8 - 10:10	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 8 - 10:20	16	GOOD LUCK CHUCK	kl. 6 - 8	14
THE KINGDOM	kl. 5:40	14	THE KINGDOM	kl. 6 - 10	16
HEIMA - SIGURRÓS	kl. 6 - 10:20	14			
VEÐRAMÖT	kl. 5:40 - 8 - 10:20				

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 530 1919

REGNBÖGINN Sími 462 3500

THE HEARTBREAK KID	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	RESIDENT EVIL 3	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
THE HEARTBREAK KID LUXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30		4 MONTHS ENSKUR TEXTI	kl. 5:40 - 8 - 10:15	12
RESIDENT EVIL 3	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16	EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI	kl. 5:40 - 8	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10	14	ALEXANDRA ENSKUR TEXTI	kl. 6	14
SUPERBAD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	HALLOWEEN	kl. 8 - 10:30	16
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 3:50		SHOOT EM UP	kl. 10:20	16
BRETTIN UPP ISL. TAL.	kl. 3:45				
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL.	kl. 3:45 300 kr. Sö. símtölur				

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 530 1919

SYNDIR FEBRANNA	kl. 6 - 8 - 10	12	THE HEARTBREAK KID	kl. 8 - 10:10	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 8 - 10:20	16	GOOD LUCK CHUCK	kl. 6 - 8	14
THE KINGDOM	kl. 5:40	14	THE KINGDOM	kl. 6 - 10	16
HEIMA - SIGURRÓS	kl. 6 - 10:20	14			
VEÐRAMÖT	kl. 5:40 - 8 - 10:20				

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 530 1919

REGNBÖGINN Sími 462 3500

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 530 1919

REGNBÖGINN Sími 462 3500

HEARTBRAKE KID	DIGITAL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	IN THE LAND OF WOMEN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
HEARTBRAKE KID		kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP	THE KINGDOM	kl. 8 - 10:20	10
THE BRAVE ONE		kl. 8 - 10:30	16	THE BRAVE ONE	kl. 8:00 - 10:20	16
STARDUST		kl. 5:30 - 8 - 10:30	10	STARDUST	kl. 5:30	10
NO RESERVATIONS		kl. 8	L	ASTRÓPIÁ	kl. 6	L
CHUCK AND LARRY		kl. 8 - 10:30	12			
SUPER BAD		kl. 10:30	12	THE HEARTBREAK KID	kl. 8 - 10:20	L
BRATZ		kl. 5:30	L	GOOD LUCK CHUCK	kl. 8	L
ASTRÓPIÁ		kl. 5:30	L	NO RESERVATION	kl. 10	L
RATATOUILLE M/ ISL. TAL.		kl. 5:30	L			

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 530 1919

THE BRAVE ONE	kl. 8	16	SUPERBAD	kl. 8 - 10:20	12
STARDUST	kl. 8	10	STARDUST	kl. 8	10
			3:10 TO YUMA	kl. 10:30	16

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE HEARTBREAK KID	kl. 5:40, 8 og 10:20	12
THE KINGDOM	kl. 5:40, 8 og 10:20	16
3:10 TO YUMA	kl. 5:30, 8 og 10:30	16

www.laugarasbio.is - Miðasala á mid.is

Kjólball Heimilistóna

Kvinnahljómsveitin Heimilistónar spilar á kjólballi í Iðnó á laugardag. Þá mæta allir í sínu finasta þússi í miðbæinn og dansa undir tónum sveitarinnar.

Heimilistóna skipa fimm af fremstu leikkonum landsins, þær Elva Ósk Ólafsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Vigdís Gunnarsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Ragnhildur Gísladóttir. Með þeim í för verður útvarpskonan Andrea Jónsdóttir sem þeytir skífum þangað til tónleikarnir hefjast og í hléinu. Heimilistónar gáfu í sumar út plötuna Herra ég get tjúttað og verður hún til sölu á kjólballinu, sem hefst klukkan 22.00.



HEIMILISTÓNAR Hljómsveitin Heimilistónar spilar á kjólballi í Iðnó á laugardag.

Thunderpussy mætt aftur

Bandaríska rokkveitin Alabama Thunderpussy spilar á Gauki á Stöng í kvöld ásamt Brain Police og Zodogan. Þetta er í annað sinn sem sveitin kemur hingað til lands en í síðustu heimsókn gerði hún allt vitlaust og komust færri að en vildu.

„Það er eiginlega þeim að þakka að við fengum útgáfusamning í Bandaríkjunum,“ segir Gunnlaugur Lárusson, gítarleikari Brain Police.

„Þeir þekkja gæjann sem á útgáfufyrirtækið sem við erum hjá. Ég held að það hafi verið

gítarleikarinn sem minnst á okkur.“

Alabama Thunderpussy er sögð vera ein virtasta „stoner“-rokkveitin í bransanum og hefur síðasta plata hennar, Open Fire, vakið gríðarmikla eftirtekt og fengið góða dóma. Er sveitin meðal annars í uppáhaldi hjá leikaranum Tom Hanks.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22 og er átján ára aldurstakmark.


ALABAMA THUNDERPUSSY Bandaríska rokkveitin spilar á Gauknum í kvöld ásamt Brain Police og Zodogan.



FRÉTTIR AF FÓLKI




Slúðurbliðin velta því nú fyrir sér hvort **Lindsay Lohan** sé trúlofuð nýjum kærasta sínum, **Riley Giles**. Á nýjum myndum af henni sést stjarnan skarta Cartier-trúlofunarhring, en Lohan hefur þó ekkert gefið út á sögusagnirnar. Þegar blaðamenn gengu á hana tók hins vegar lífvörður Lohan af skarið og svaraði spurningum um mögulega trúlofun með háu og skýri já-i. Talsmaður Lohan hefur vísað því á bug, en það hefur þó ekki kæft sögusagnirnar.



Paris Hilton er á leið til Rúanda í tökur á nýjum raunveruleikaþætti að nafni The Philanthropist, eða Mannvinurinn. Hún hafði áður lýst því yfir að ferðin yrði kvikmynduð fyrir heimildarmynd. The Philanthropist mun fylgja eftir frægu fólki í góðgerðaerindum. Paris hefur verið ásökuð um að nota ferðina sér til framdráttar, en hún segir að sér líki við raunveruleikaþætti þar sem þeir veiti aðdáendum inn-sýn í daglegt líf hennar.



Reese Witherspoon hefur haldið því leyndu fyrir átta ára dóttur sinni, Óvu, að hún sé fræg leikkona. „Ava hefur ekki hugmynd um hvað ég geri og ég reyni að halda því þannig. Ég vil ekki að hún fari að rella í mér um miða á tónleika og svoleiðis,“ sagði leikkonan. Frá því að Reese skildi að skiptum við **Ryan Phillippe** hefur hún verið orðuð þráltlega við leikarann **Jake Gyllenhaal**, en ku nú hafa fallið fyrir breska söngvaranum **James Blunt**.



Eva Longoria hefur tekið sér nafn eiginmanns síns, **Tony Parker**, sem hún giftist í París í júlí. Leikkonan mun nú heita Eva Longoria Parker. „Ég elska allt við þetta – mér líkar hefðin að skipta um nafn. Ég hef verið að venjast því að vera kölluð frá Parker í svoltinn tíma, það er gott að heyra það,“ segir leikkonan.



Ekki bíða í viku

Hann beið allt sitt líf eftir þeirri réttu... verst að hann beið ekki viku lengur. Glæný mynd frá leikstjórum "There's something about Mary".



Opin kerfi bjóða viðskiptavinum á myndina The Heartbreak Kid. Þeir sem kaupa blek, pappír eða aðrar HP prentaravörur í verslun Opinna kerfa fá tvo miða á þessa sprenglægleiga gamanmynd.

OPIN KERFI
VERSLUN



invent

Opin kerfi verslun • Höfðabakka 9 • 110 Reykjavík • Sími 570 1000 • www.ok.is

> Hvað gerir Raket Hönnudóttir?

Efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar kvenna, Raket Hönnudóttir, liggur nú undir feldi og íhugar hvar hún ætlar að spila næsta sumar en bæði kemur til greina hjá henni að spila áfram með Þór/KA og að spila fyrir sunnan. Mörg af betri liðum deildarinnar hafa örugglega áhuga á að fá þennan snjalla framherja til liðs við sig en Raket er með uppsagnarákvæði í tveggja ára samningi sínum við Þór og getur því fengið sig lausa ákveði hún að spila með öðru liði en Þór/KA, sem endaði í 8. sæti deildarinnar í sumar. Raket er 19 ára gömul og hefur skorað 14 mörk í 33 leikjum fyrir Þór/KA í efstu deild.

sport
sport@frettabladid.is



Ólafur Örn Bjarnason: Væð í fyrsta skipti Noregsmeistari með Brann á dögnum

Það yrði gaman að enda ferilinn á Íslandi

Íslensku landsliðsmennirnir Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson urðu á dögnum Noregsmeistarar með Brann, en liðið hafði ekki unnið titilinn frá því árið 1963. „Það varð náttúrulega allt vitlaust og fólk tapaði sér hreinlega í gleði hérna í Björgvin. Menn hafa þurft að bíða lengi eftir þessum titli og ég held að honum verði fagnað áfram fram eftir vetri. Fólk er þegar byrjað að dansa á götum úti þó svo að aðalhátiðin verði ekki fyrir en eftir síðasta heimaleik okkar gegn Viking á sunnudaginn,“ sagði Ólafur Örn og telur liðið vel að titlinum komið. „Við erum búnir að vera bestir í deildinni í ár og mér er alveg sama þótt einhverjir telji að önnur lið í deildinni spili skemmtilegri fótbolta. Raunar skil ég ekki alveg þessa umræðu, því við höfum til að mynda skorað flest mörk allra liða í deildinni í ár,“ sagði Ólafur Örn sem líkar lífið vel í Noregi. „Ég er búinn að vera hérna í fjögur ár og líkað mjög vel. Brann er góður klúbður



og leikmannahópurinn er vel mannaður og ég gæti vel hugsað mér að vera hér áfram,“ sagði Ólafur Örn en hann hefur undanfarið verið orðaður við bæði Tromsø og Molde í Noregi. „Samningurinn minn við Brann rennur út í lok tímabilsins og ég veit að þeir ætla að bjóða mér áframhaldandi samning, en það er allt saman í vinnslu eins og er og ég hef ekki fengið neitt í hendurnar ennþá. Ég er samt alveg rólegur yfir þessu og ætla bara að einbeita mér að því að klára tímabilið af krafti með Brann. Ég mun svo fara yfir mín mál eftir tímabilið og skoða öll tilboð gaumgæfilega sem mér berast. Ég veit af áhuga annarra liða hér í Noregi og ég myndi vilja vera áfram hér í Noregi í tvö ár í viðbót. Hvort sem það myndi verða með Brann eða einhverju öðru liði verður bara að koma í ljós,“ sagði Ólafur Örn en útlokaði ekki að spila á ný á Íslandi eftir það. „Ef að formið og skrokurinn eru í finu lagi, þá yrði gaman að enda ferilinn heima á Íslandi,“ sagði Ólafur Örn að lokum.

Eiður Smári góður í markaleysisinu

Eiður Smári Guðjohnsen lék allan leikinn með Barcelona gegn Rangers í Meistaradeildinni í Skotlandi í gær. Ensku liðin Arsenal og Manchester United voru á skotskónum og eru með fullt hús í sínum riðlum.

FÓTBOLTI Ensku liðin Arsenal og Manchester United eru komin með annan fótinn í 16 liða úrslit Meistaradeildarinnar eftir örugga sigra í 3. umferð Meistaradeildarinnar í gær en Barcelona og Rangers sitja áfram hlið við hlið á toppi síns riðils.

Arsenal vann 7-0 stórsigur á Slavia Prag á Emirates-vellinum en United fór til Kænugarðs og vann þar 4-2 sigur. Bæði eru þau með fullt hús þegar riðlakeppnin er hálfnuð. Inter er hins vegar komið á toppinn í sínum riðli eftir dramatískan sigur í Moskvu.

Eiður Smári Guðjohnsen lék vel á miðjunni hjá Barcelona sem gerði markalaust jafntefli við Rangers í Glasgow í Meistaradeildinni í gær. Eiður Smári var allt í öllu í spili Börsunga sem náðu þó ekki að brjóta niður vel skipulagðan og mannmargan varnarmúr skoska liðsins.

Eftir leikinn eru bæði Barcelona og Rangers með 7 stig en 2-0 sigur Lyon í Stuttgart þýðir að frönsku meistararnir eiga enn von þrátt fyrir slæm tölur í fyrstu tveimur leikjum sínum.

Eiður Smári átti tvö ágæt færi, skalla rétt yfir eftir horn í fyrri hálfleik og síðan laglegt langskot sem var varið í seinni hálfleik. Frammistaða Eiðs Smára ætti að kalla á miklu fleiri tækifæri en hingað til á tímabilinu.

Walter Smith stjóri Rangers var ánægður með bæði frammistöðuna og úrslitin. „Leikurinn var mjög erfiður fyrir okkur. Það er mikið afrek að vera með sjö stig eftir þrjá leiki,“ sagði Smith.



TVÖ FÆRI Eiður Smári Guðjohnsen fékk tvö færi en náði ekki að skora. Hann spilaði engu að síður allar 90 mínúturnar í fyrsta sinn í langan tíma.



EINTÓM GLEÐI Cesc Fabregas og Theo Walcott fagna sjötta marki Arsenal í gær.

Arsenal vann sinn stærsta sigur frá upphafi í meistaradeildinni þegar strákarnir hans Arsene Wenger fóru illa með tékknesku meistarana í Slavia Prag. Cesc Fabregas kom Arsenal yfir með frábæru marki eftir aðeins fimm mínútur og leikmenn Arsenal fóru illa með Tékkana á upphafsmínútum seinni hálfleiks þar sem liðið skoraði þrjú mörk á átta mínútum og komst í 6-0.

Þetta var tólfthi sigur liðsins í röð í öllum keppnum. Alexander Hleb átti frábæran leik og þeir

Theo Walcott og Cesc Fabregas stóðu honum ekki langt að baki.

„Við ætlum að spila vel og ná í þrjú stig en þú getur aldrei búist við svona leik. Það gekk allt upp og við skoruðum úr fyrsta færinu. Ég vildi að Theo myndi byrja í stórum leik og hann stóð sig vel. Hann er að sýna mikla yfirvegum fyrir framan markið,“ sagði Arsene Wenger eftir leikinn.

Manchester United komst í 0-2 eftir 18 mínútur og gat leyft sér að fá á sig tvö mörk í 2-4 sigri í Úkraínu. Ryan Giggs lagði upp tvö af fyrstu þremur mörkum Manchester United sem komst í 4-1 en Cristiano Ronaldo skoraði tvö þau síðustu áður en Úkraínumennirnir minnkuðu muninn.

„Sóknarleikurinn var frábær og við hefðum átt að skora fleiri mörk,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. United, eftir leikinn.

Staðan leit ekki vel út fyrir Inter í hálfleik, voru marki undir. en tvö varnarmistökk Rússanna gáfu Argentínumönnum Hernan Crespo og Walter Samuel tækifæri til þess að tryggja ítalska liðinu mikilvægan sigur.

ooj@frettabladid.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Meistaradeild Evrópu:

Stuttgart - Lyon	0-2
0-1 Barbosa Fabio Santos (55.), 0-2 Karim Benzema (79.).	
Rangers - Barcelona	0-0
STADAN Í E-RIÐLI:	
Barcelona	3 2 1 0 5-0 7
Rangers	3 2 1 0 5-1 7
Lyon	3 1 0 2 2-6 3
Stuttgart	3 0 0 3 1-6 0

Dynamo Kiev-Man. United	2-4
0-1 Rio Ferdinand (10.), 0-2 Wayne Rooney (18.), 1-2 Diogo Rincon (33.), 1-3 Cristiano Ronaldo (41.), 1-4 Cristiano Ronaldo (68.), 2-4 Ismael Bangoura (78.).	
Roma-Sporting	2-1
1-0 Juan (15.), 1-1 Liedson (18.), 2-1 Vukenic (68.).	

STADAN Í F-RIÐLI	
Man. United	3 3 0 0 6-2 9
Roma	3 2 0 1 4-2 6
Sporting	3 1 0 2 3-4 3
Dynamo Kiev	3 0 0 3 3-8 0

CSKA-Moskva - Inter	1-2
1-0 Joao Jo (52.), 1-1 Hernan Crespo (52.), 1-2 Walter Samuel (80.).	
PSV-Fenerbahce	0-0
STADAN Í G-RIÐLI	
Inter	3 2 0 1 4-2 6
Fenerbahce	3 1 2 0 3-2 5
PSV	3 1 1 1 2-3 4
CSKA Moskva	3 0 1 2 4-6 1

Sevilla-Steaua Búkarest	2-1
1-0 Fredi Kanoute (5.), 2-0 Luis Fabiano (18.), 2-1 Ovidiu Petre (63.).	
Arsenal-Slavia Prag	7-0
1-0 Cesc Fabregas (5.), 2-0 Sjálfsm. (24.), 3-0 Theo Walcott (41.), 4-0 Alexander Hleb (51.), 5-0 Theo Walcott (55.), 6-0 Cesc Fabregas (58.), 7-0 Nicklas Bendtner (89.).	

STADAN Í H-RIÐLI	
Arsenal	3 3 0 0 11-0 9
Sevilla	3 2 0 1 6-6 6
Slavia Prag	3 1 0 2 4-12 3
Steaua Búkarest	3 0 0 3 2-5 0

Ungmennafélagið Stjarnan Garðabæ

HERRAKVÖLD STJÖRNUNNAR
FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 26. OKTÓBER 2007
Í HÁTÍÐARSAL FJÖLBRAUTARSKÓLANS Í GARÐABÆ

DAGSSKRÁ:
* HÚSÍÐ OPNAR KL. 19, BORDAHALD HEFST STUNDVÍSLEGA KL. 20
* STÓRGLÆSILEGT STEIKARHLAÐBORD, FRÁ SKÚLA HANSEN
* HÁTÍÐARRÆÐA: KARL ÁGÚST ÚLFSSON
* HAPPRÆTTI

* SKEMMTIATRÍÐI: JÓHANNES KRISTJÁNS SON
* MÁLVERKAUPPBOÐ UNDIR DYGGRI STJÖRN JÓNS GUÐMUNDSSONAR
- GLÆSILEG VERK Í BODI
* VEISLUSTJÓRI: ÞÓR JÓNSSON, FRÉTTAMAÐUR

MÍÐAVERÐ 5.000.- KR.
MÍÐAPANTANIR Í SÍMA 534-8585 / 693-5185 EDA HANDBOLTI@STJARNAN.IS
* ATHUGIÐ - TAKMARKAÐUR FJÖLDI AÐGÖNGUMÍDA
STÖNDUM SAMAN OG STYÐJUM BOLTANN Í BÆNUM

Arsenal hefur farið á kostum til þessa á tímabilinu:

Sjóðheitar skyttur

FÓTBOLTI Arsenal hefur heldur betur farið vel af stað á tímabilinu og er sem stendur taplaust eftir 15 leiki samtals.

Arsenal hefur unnið átta af fyrstu níu leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni og gert eitt jafntefli, auk þess sem liðið komst áfram í enska deildarbikarnum.

Í Meistaradeild Evrópu hefur liðið verið óstöðvandi. Arsenal trónir á toppi H-riðils eftir þrjá sigra í þremur leikjum og hefur ekki fengið á sig mark í keppninni

hingað til og státar af markatölunni 11-0.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hefur til þessa reynt að halda sama byrjunarliðinu.

„Það er óréttlátt að breyta sigurliði. Menn utan liðsins þurfa bara að grípa tækifærið þegar það gefst,“ sagði Wenger en þungavigtarmenn Arsenal undanfarin ár, eins og Jens Lehmann og Gilberto Silva, hafa þurft að verma bekkinn.

- óþ

WEST HAM

28.-30. DESMEBER

Verð frá **49.300 KR.**
Verð á mann í tvíbyli

MAN UTD

Ícelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjöldmargir leikir framundan, s.s. á móti Fulham, Liverpool og Birmingham.

+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir



WWW.ICELANDAIR.IS



ÞAKKAÐ FYRIR Teiti Þórðarsyni er hrós- að fyrir starfið í Bergen. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjálfari norsku meistaranna:
Brann á Teiti mikið að þakka

FÓTBOLTI Mons Ivar Mjelde, þjálfari Brann, sem varð norskur meistari á mánudagskvöldið, þakkar Teiti Þórðarsyni fyrir að hafa gefið sér tækifæri en hann var bæði leikmaður og aðstoðar- þjálfari hjá Teiti þegar hann var hjá Brann í Bergen á sínum tíma. Brann náði meðal annars öðru sætinu í deildinni undir stjórn Teits árið 2000.

Mjelde sagði í viðtölum við fjölmiðla að hann byggði margt í sinni þjálfun nú á því sem hann lærði hjá Teiti og í raun hefði þjálfaratíð Teits lagt grunninn að þeim árangri sem Brann er að ná í dag en félagið varð norskur meistari í fyrsta sinn síðan 1963.

- óbj

Adriano Galliani, AC Milan:

Purfum nýjan Oliver Bierhoff

FÓTBOLTI Adriano Galliani, stjórnarformaður AC Milan, telur sig vita nákvæmlega hvað liðið þurfi til þess að rétta við skútuna í Serie A deildinni á Ítalíu.

„Við þurfum nauðsynlega á einum Oliver Bierhoff að halda, framherja sem getur skallað boltann af einhverju viti. Mörkin sem Bierhoff skoraði tímabilið 1998-1999 áttu stóran þátt í því að við urðum meistara þá. Við munum kaupa framherja í janúar og erum þegar komnir með nöfn eins og Drogba og Kanoute á lista hjá okkur, en ef það gengur ekki upp þá gætum við reynt að fá Rolando Bianchi frá Manchester City eða Amauri frá Palermo,“ sagði Galliani í viðtali við Corriere dello Sport. Áhyggjur Gallianis eru ekki til komnar að ástæðulausu, því AC Milan er sem stendur í 11. sæti deildarinnar og tapaði á heimavelli fyrir Empoli um helgina.

- óþ



GÓÐ Í SEINNI Kristrún Sigurjónsdóttir skoraði 22 af 29 stigum sínum í seinni hálfleik í sigri Hauka í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

Iceland Express-deild kvenna:

Kristrún best í annarri umferð

KÖRFUBOLTI Kristrún Sigurjónsdóttir, fyrirliði Hauka, stóð sig best í 2. umferð Iceland Express deildar kvenna þegar lítið er á framlag leikmanna.

Kristrún skoraði 29 stig, tók 8 fráköst, stal 4 boltum og gaf 3 stoðsendingar í 85-76 sigri Hauka þar sem að hún hitti úr 9 af 15 skotum sínum utan af velli og setti niður 9 af 10 vítum. Þetta gaf henni 36 framlagsstig eða sem meira en næsti leikmaður.

Í öðru sæti var 17 ára Hamarsstúlka, Fanney Lind Guðmundsdóttir, sem var með 20 stig og 12 fráköst gegn Íslandsmeisturunum.

- óbj

Átta leikir fara fram í Meistaradeild Evrópu í kvöld þar sem ensku liðin Liverpool og Chelsea spila bæði:

Liverpool-liðið mætir til Istanbúl á ný

FÓTBOLTI 3. umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld með átta leikjum. Helst ber að nefna að Liverpool ferðast til Tyrklands og mætir Besiktas og stórlíðin Chelsea, Real Madrid og AC Milan spila öll á heimavelli.

Liverpool mætir Besiktas á kunnuglegum slóðum, í Istanbúl, þar sem enska liðið vann Meistaradeildartitilinn fyrir tímabilið 2004-2005. Liverpool hefur reyndar ekki verið sigursælt gegn tyrkneskum liðum í Tyrklandi og hefur tapað þremur af síðustu fjórum leikjum sínum þar. Fernando Torres getur ekki leikið með Liverpool vegna meiðsla, en Xabi Alonso gæti spilað á ný.

LEIKIR KVÖLDSINS:

Besiktas-Liverpool	SÝN	A-Riðill
Marseille-Porto		A
Rosenborg-Valencia		B
Chelsea-Schalke	SÝN EXTRA	B
Werder Bremen-Lazio		C
Real Madrid-Olympiacos		C
Benfica-Celtic		D
AC Milan-Shakhtar	SÝN EXTRA 2	D

Chelsea verður án varnarmannanna Ashley Cole og John Terry þegar liðið mætir Schalke á heimavelli. Enska liðið hefur hins vegar gefið út að þjálfarinn Henk Ten Cate sé genginn til liðs við félagið Avram Grant til aðstoðar og vonast menn á þeim bænum



eflaust til að samstarfið hefjist með sigri gegn Þjóðverjunum í kvöld. - óþ

GÓÐAR STUNDIR Liverpool á góðar minningar frá Istanbúl, en liðið mætir Besiktas þar í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

INNKÖLLUN VEGNA RAFRÆNNAR SKRÁNINGAR HLUTABRÉFA Í SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKA HF.

Mánudaginn 26. nóvember 2007 verða hlutabréf í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í samræmi við ákvörðun stjórnar Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. þar að lútandi. Þar af leiðandi verða engin viðskipti með hlutabréf félagsins þann dag. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í fyrirtækinu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. tekin til rafrænnar skráningar en þau eru öll í einum flokki og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hlutaskrár Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., Hafnarstræti 53, 600 Akureyri eða í síma/netfangið 545 2640/halla@sagacapital.is. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu fyrir nefndan dag.

Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, þ.e. banka, verðbréfafyrirtæki eða sparisjóð sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. fyrir skráningardag.

Athygli hluthafa er vakin á að hin áþreifanlegu hlutabréf félagsins verða ógild sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins. Jafnframt er vakin athygli á að ferli rafrænnar skráningar hefur engin áhrif á möguleika hluthafa til að eiga viðskipti með hluti sína í félaginu að undanskildum sjálfum skráningardeginum.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun umsjón með eignarhlut sínum í félaginu til að geta framselt hluti sína svo sem vegna sölu eða skipta. Reikningsstofnun mun í þessu skyni stofna VS-reikning í nafni viðkomandi hluthafa. Hluthöfum félagsins verður kynnt þetta bréfleiðis.

Stjórn Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.

SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKI HF. | SÍMI 545 2600 | SAGACAPITAL.IS

> SCARLETT JOHANSSON

Scarlett er demókrati og tók þátt í kosningabaráttu Johns Kerry í forsetakosningunum árið 2004. Þegar George W. Bush var endurkjörinn forseti Bandaríkjanna sagði hún það mikil vonbrigði. Scarlett hefur barist fyrir ýmsum málefnum og tók meðal annars þátt í herferðinni ONE sem Bono skipulagði gegn fátækt.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON GAPTI YFIR UNÐARLEGRI EIGINKONU Í WIFE SWAP

Enginn eldaður matur og daglegt sólargláp

Hann er ákaflega amerískur þátturinn Wife Swap sem er sýndur á mánudögum á Stöð 2. Tilfinningarnar bera aðalpersónurnar jafnan ofurlíði auk þess sem þjóðernisastín er sjaldan langt undan.

Í síðasta þætti skiptu tvær eiginkonur sem komu úr afar ólíku umhverfi um hlutverk og átti það eftir að reynast þeim erfitt, sérstaklega annarri þeirra. Hún var satt best að segja stóruandleg. Engin eldavel var til á heimili hennar vegna þess að hún var grænmetisæta og borðaði ekki mat sem þarf að elda. Á hverjum degi horfði hún síðan á sólna í sjö mínútur til að soga í sig næringu. Þannig þyrfti hún á endanum ekki að borða neinn mat, sem var greinilega hennar æðsta markmið. Þess fyrir utan lét hún eiginmann sinn um að vinna heimilisverkin, þrátt fyrir að hún ynni ekki úti, og fór þess í stað í bæinn á hverjum degi til að dreifa bæklingum um grimma meðferð á dýrum.



WIFE SWAP Undarleg kona var í aðalhlutverki í síðasta þætti af Wife Swap.

Aumingja maðurinn virtist hafa tekið þessu öllu sem sjálfsögðum hlut í þau tuttugu ár sem þau höfðu verið gift því hann vann heimilisverkin eftir vinnu á hverjum degi, borðaði bara fræ og grænmeti, og lét í raun undan henni í einu og öllu.

Á nýja heimilinu rakst konan aftur á móti á vegg þegar húsbóndinn gagnrýndi hana fyrir lífsviðhorf sín og sagði hana vera óhamingjusama manneskju sem legði allar áhyggjur

heimsins á herðar sér. Brotnaði hún niður þegar hún mætti þessu mótlæti og runnu tårin í stríðum straumum niður kinnar hennar.

Þegar konan kom aftur heim eftir útleigðina var ný eldavel komin í húsið, auk þess sem manningnum hafði verið skipað af sjónvarpsfólkinu að endurinnrétta húsið eftir sínu höfði. Ákvað hún þá að hefja eldamennsku á nýjan leik ásamt því að byrja að hlusta loksins á það sem maðurinn hennar hefði að segja. Ekki seinna vænna eftir tuttugu ára hjónaband.

EKKI MISSA AF



▶ **20.00** In Good Company
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** America's Next Top Model skjáreinn



▶ **21.00** Kjarnakona SJÓNVARP-ÍÐ



▶ **21.45** Oprah STÖÐ 2



▶ **22.45** Arrested Development 3 SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leidarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Fjölskylda mín (6:7)
18.00 Disneystundin
18.01 Herkúles (33:56)
18.23 Sigildar teiknimyndir
18.30 Finni kostur (5:21)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós

20.15 Bráðavaktin (15:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

▶ **21.00** Kjarnakona (4:6) Breskur myndaflokkur um konu sem stjórnar stórmarkaði. Atvikin haga því þannig að hún býður sig fram til þings og endar sem forsætisráðherra. Aðalhlutverkið leikur Jane Horrocks og meðal annarra leikenda eru Steven Mackintosh, Jodhi May, Janet McTeer, Carey Mulligan, Jemma McKenzie-Brown og Geraldine James.

22.00 Tíufréttir
22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvín Baldvínsson eru álitsgjafar þáttarins. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð. Textað á síðu 888 í Textavarp.

23.10 María Callas Bresk heimildamynd frá 2004 um ævi og feril söngkonunnar frægu.

00.10 Kastljós
00.50 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 World Traveler
08.00 Beauty Shop
10.00 Stolen Summer
12.00 In Good Company
14.00 World Traveler
16.00 Beauty Shop
18.00 Stolen Summer
▶ **20.00** In Good Company
22.00 And Starring Pancho Villa as Himself
00.00 Alfie
02.00 Suspect Zero
04.00 And Starring Pancho Villa as Himself



08.10 Oprah
08.55 Í finu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (48:120)
10.15 Wife Swap (11:12) (e)
11.00 Freddie (7:22)
11.25 Ástarfleyið (4:11)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Það var lagið (e)
14.15 Extreme Makeover. Home Edition (20:32)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.30 The Bold and the Beautiful
17.55 Nágrannar
18.20 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
19.25 The Simpsons (11:22)
19.50 Friends

20.15 Örlagadagurinn (21:31) Elísabetu Markúsdóttur er létt eftir að hún fann leið til að losna við 80 kíló á einu ári. Hún er nú létt á fæti og nýtur þess að gera ýmsa hluti sem hún gat ekki meðan offitan þjakaði hana.

20.50 Big Love (9:12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonur hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. Bönnuð börnum.

▶ **21.45** Oprah Flest börn lifa áhyggjulausu lífi sem saman stendur af skólalærdómi og leikjum við vinina. Hér ræðir Oprah hins vegar við börn sem lifa í stöðugri skömm yfir útliti sínu.

22.30 Ghost Whisperer (35:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. (13:22) Melinda kemst að því að einhver hefur komist að leyndarmáli hennar en hún er staðráðin í því að koma í veg fyrir að það breiðist út. 2006.

23.15 Stelpurnar (9:10)
23.40 Kompás
00.15 Life on Mars
01.10 Club Dread (Broken Lizard's Club Dread)
02.50 Bangrajan
04.45 Big Love (9:12)
05.40 Fréttir og Ísland í dag
06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SYN besta sætið

07.00 Meistaradeildin - meistaramörk
07.40 Meistaradeildin - meistaramörk
08.20 Meistaradeildin - meistaramörk
09.00 Meistaradeildin - meistaramörk
13.15 Meistaradeild Evrópu 07/08 (CSKA Moskva - Inter)
14.55 Meistaradeild Evrópu - endurs Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
16.35 Meistaradeildin - meistaramörk
17.15 Spænsku mörkin 2007-2008 Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Einnig eru rakin umdeildustu atvikin, brottrekstrarir og bestu marktaekifærin.
18.00 Meistaradeildin - upphitun
18.30 Meistaradeild Evrópu 07/08 (Besiktas - Liverpool)
20.40 Meistaradeildin - meistaramörk
21.20 Meistaradeild Evrópu 07/08 (Chelsea - Schalke)
23.10 Meistaradeild Evrópu 07/08 (AC Milan - Shakhtar)
01.00 Meistaradeildin - meistaramörk

SYN2

16.50 Wigan - Portsmouth
18.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimssóttir, gömlu stjörnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
19.00 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
19.30 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
20.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparspekingum, og saman skoða félagarnir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
21.55 Leikur vikunar
23.35 Everton - Liverpool

SKJÁREINN

07.30 Allt í drasli (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.25 Vörutorg
17.25 Sport Kids Moms & Dads (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 Innlit / útlit (e)
20.00 Less Than Perfect (3:11) Bandarísk gamanseria sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar.
20.30 Giada's Everyday Italian (9:26) Að þessu sinni sýnir Giada hversu auðvelt það er að gera ljúffenga máltíð eftir erfiðan vinnudag. Hún býður upp á Rib-Eye steik með rucola salati og grillaðri papriku, kjúklíngi piccata, spergilkál og grænar baunir og svo ricotta ost með hunangi og hindberjum í eftirrett.

▶ **21.00** America's Next Top Model (5:13) Bandarísk raunveruleikaséria þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Stúlkurnar fá kennslustund í því að „pósa“ á hreyfingu og þurfa síðan að ná rétta svipnum á meðan þær hoppa á trambólíni. Fyrirsætumar þurfa svo að sýna hvað í þær er spunnin á meðan listdansari á ís heldur þeim á lofti.

22.00 How to Look Good Naked (2:8) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrist, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar.

22.50 Venni Þáer
23.15 Silvía Nótt
23.40 The Company (e)
00.30 Heartland (e)
01.20 C.S.I.
02.05 Vörutorg
03.05 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttá vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Framúrskarandi

HÅG H09 er margverðlaunaður skrifstofustóll sem hentar vel fyrir þá sem aðeins velja það besta. Í þessum stól sameinast bæði glæsileg hönnun og framúrskarandi gæði.

10 Year
HÅG Guarantee

Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Mótstöðustilling
- Hæðarstillanlegur bakpúði
- Dýrtarstillanleg seta
- Hæðar- og breiddarstillanlegir armar með leðurklæðningu
- Fæst með hærri baki og höfuðpúða
- Parkethjól

Tilboð kr. 99.900.-



Hönnuður: Svein Asbjörnsson

Kodaj06.2007

EG SKRIFSTOFU
HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • www.skrifstofa.is • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánudaga - föstudaga 9:00 - 18:00

www.skrifstofa.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

Big Love

Bill lifir margföldu lifi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli. Það er ekki von að maðurinn sé þreyttur en hann er

þó ekki á því að gefast upp. Í þætti kvöldsins verður elsti sonur Bills ofsareiður þegar hann kemst að því að Margene hafði verið með öðrum manni áður en hún varð þriðja eiginkona Bills.



► MARIA CALLAS Sjónvarpið kl. 23.10



Maria Callas er bresk heimildarmynd um ævi og feril söngkonunnar frægu. Frammi- staða Mariu Callas í uppfærslu Francos Zeffirelli á Toscu eftir Puccini í Covent Garden

árið 1964 er fræg í óperuheiminum og samleikur hennar og söngur með Tito Gobbi í hlutverki Scarpia þótti svo magnaður að ekki hefur verið betur gert síðan. Maria Callas gat ekki vitað hve afdrifarík þessi uppfærsla yrði. Þessi stórkostlegu tilbrif divunnar mörkuðu upphafið á endinum á ferli hennar. Þetta var síðasta hlutverkið sem hún söng á sviði. Í kjölfarið missti hún kjarkinn, röddina og ástina úr lifi sínu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Brot af eilífðinni
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vítit og breitt
- 14.03 Tónar að nóni
- 15.03 Útlarpssagan: Stúlkan í skóginum
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stefnumót
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.15 Um skáldið og vísindamanninn Jónas Hallgrímsson
- 23.00 Gáru
- 00.10 Útlarp á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

FA SÍRKUS

- 18.20 Fréttir
- 19.10 Hollyoaks (42:260)
- 19.30 Hollyoaks (43:260)
- 20.00 Hollywood Uncensored
- 20.30 Janice Dickinson Modelling Agency Janice Dickison vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikabáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. Nú er komin að annari þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkjanna. 2006.
- 21.15 E-Ring (13:22) Spennuþáttur úr smíðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðal- hlutverkum. J.T.Tisnewski er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir banda- ríska herinn.
- 22.00 NCIS (9:24) Hörkuspennandi fram- haldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sársveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða ný- liða. (9:24) Einn úr sveitinni stefnir starfi sínu í voða þegar hann reynir að leysa líkamsársarmál á eigin spýtur. 2006.
- 22.45 Arrested Development 3 Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hópi. 2005.
- 23.10 Skins (8:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglínga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfja- neyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglíngum í dag. 2006.
- 23.55 Totally Frank Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem biða þeirra. 2005.

- 00.20 Gary the Rat
- BBC PRIME**
- 12.00 Antiques Roadshow 13.00 Jonathan Creek
 - 14.00 Houses Behaving Badly 14.30 Homes Under the Hammer 15.30 Garden Challenge
 - 16.00 One Foot in the Grave 16.30 Some Mothers Do Ave Em 17.00 Location, Location, Location
 - 17.30 Small Town Gardens 18.00 Silent Witness
 - 19.00 The Inspector Lynley Mysteries 20.00 The Office
 - 20.30 Absolute Power 21.00 Silent Witness
 - 22.00 2 POINT 4 CHILDREN 22.30 The Inspector Lynley Mysteries 23.30 One Foot in the Grave
 - 00.00 Some Mothers Do Ave Em

- DR 1**
- 11.50 Ha' det godt 12.20 Med Regentparret i Korea
 - 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret
 - 13.10 Dawson's Creek 14.00 Flemmings Helte
 - 14.15 SKUM TV 14.30 Bernard 14.35 Tintin
 - 15.20 F for Får 15.30 Skæg med tal 15.50 KatjaKaj og BenteBent
 - 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport
 - 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd
 - 18.00 Bryllupsbilleder 19.00 TV Avisen
 - 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 Kriminalkommissær Barnaby
 - 21.40 Onsdags Lotto
 - 21.45 OBS 21.50 Arbejdsliv - find et job

- NRK1**
- 12.00 Urter 12.20 Presidenten 13.00 Baby Looney Tunes
 - 13.25 Thomas P. 13.55 Gatefotball 14.30 Fabrikken
 - 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk
 - 15.25 Norsk for nybegynnere
 - 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Nysgjerrige Nils
 - 16.15 Ugler i mosén 16.35 Danny og Daddy
 - 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen
 - 17.30 Forbrukerinspektorene
 - 17.50 Folkereportere i felten
 - 17.55 Naturens former 18.25 Redaksjon EN
 - 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21
 - 19.40 Vikinglotto 19.45 House 20.30 Migrapolis
 - 21.00 Kveldsnytt 21.20 Lydverket
 - 21.55 50 menn på 10 uker
 - 22.40 Carnivale 23.30 Du skal høre mye jukeboks

- SVT 1**
- 11.40 Matiné 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport
 - 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Packat & klart
 - 15.30 Krokodill 16.00 BoliBompa 16.10 Schimpansen Manda
 - 16.15 Världens största kör 16.30 Hjämkontoret
 - 16.55 Känsliga bitar 17.00 Bobster
 - 17.30 Rapport 18.00 Uppdrag Granskning
 - 19.00 Sex med Victor 19.30 Mia och Klara
 - 20.00 Studio 60 on the Sunset Strip 20.40 Simma lugnt, Larry!
 - 21.10 Rapport 21.20 Kulturmyheterna
 - 21.30 Vänta barn 22.25 Sändningar från SVT24



MIDVIKUDAGAR ER FISKDAGAR

Breyttu lífi þínu til hins betra og settu þér þá reglu að borða ávallt fiskrétti á miðvikudögum. Alla miðvikudaga er tilboð á ljúffengum fiskrétti í verslunum Fiskisögu.

Tilboð dagsins er
"SALTFISKLASAGNA"
 aðeins 990 krónur kílóíð.

1 l. af ávaxtadjús fylgir með réttinum.



ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholti - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi



„Ég hef alltaf haft gaman af því að fá heim til mín snjalla myndatökumenn í tengslum við viðtöl. Ég hef verið spurður hvort ég trúi á huldufólk og ég segi já. Ég trúi á fólk sem vinnur að því sem það er að fást við til ítrustu hlitar án þess að hafa hátt um það. Mér finnst þetta fólk skipta þjóðina okkar mestu máli.“

Rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson.

Myndin er tekin árið 1964.

Páfinn fær áletraða íslenska Biblíu

Geir H. Haarde forsætisráðherra fer í opinbera heimsókn til Ítalíu í vikunni og heimsækir þar meðal annars Vatíkanið og hittir fyrir páfann, Benedikt sextánda. Í farangrinum er eintak af nýrri þýðingu Biblíunnar sem Geir afhendir Benedikt en hún er áletruð af íslenska biskupnum, sr. Karli Sigurbjörnssyni. Hin nýja þýðing er mikið þrekkvirki og hefur verið í vinnslu í meira en hálfan annan áratug. „Þegar Geir veitti nýju Biblíunni viðtöku þá nefndi hann ferðina við mig og bað mig um að gera þetta. Ég varð að sjálfsgöðu við þeirri bön,“ segir sr. Karl en áletrunin er á latínu enda grunaði Karl að hans heilagleiki væri ekki læs á íslensku.

Biskup segir þetta vera kveðju frá íslenskri kristni og að þarna standi að kirkjan á Íslandi votti páfanum virðingu sína og biðji honum blessunar. „Ég held að hann verði himinlifandi með þessa gjöf enda er þetta afskaplega glæsileg bók,“ segir Karl og viðurkennir um leið



GLÆSILEG BÓK Páfi fær afhenta íslenska Biblíu í vikunni. Biblían er með áletrun á latínu frá Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands. Geir Haarde forsætisráðherra afhendir Benedikt XVI gjöfina.

að það hafi ekki komið honum neitt sérstaklega á óvart að miklar umræður skyldu hafa spunnist um þessa nýju útgáfu hér á landi. „Það væri mjög skrítið og leiðinlegt ef það yrði ekki umræða um nýja þýðingu Biblíunnar, bók sem stendur svo nærri hjá mörgum. Fólk hlýtur að bregðast við ef eitthvað er öðruvísi en það er vant að sjá,“ segir Karl. - fgg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. gáski 6. tveir eins 8. tala 9. forsögn 11. hljóð 12. spýta 14. kveðja 16. gelt 17. lögg 18. frændbálkur 20. holskrúfa 21. bás.

LÓÐRÉTT

1. svei 3. í röð 4. haffær 5. hjör 7. í heyrandi hljóði 10. geislahjúpur 13. veitt eftirfór 15. ókyrr 16. fugl 19. golf áhald.

LAUSN

LÖBÉRITT: 1. fúss, 3. rs, 4. sjóklár, 5. löm, 7. upphát, 10. ára, 13. elt, 15. 17. tár, 18. ætt, 20. ró, 21. stíla.
LÁRÉTT: 2. aersl, 6. uu, 8. sjó, 9. spá, 11. óm, 12. sprekk, 14. halló, 16. gá, 17. tár, 18. ætt, 20. ró, 21. stíla.



GÓÐAR FRÉTTIR Arnaldur Indriðason segir það mikla hvatningu á tíu ára útgáfuafmæli að hann sé á góðri leið með að verða söluhæsti höfundur landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ARNALDUR INDRIÐASON: BRÁTT SÖLUHÆSTI ÍSLENSKI HÖFUNDURINN

Stefnir hraðbyri í Laxness

Arnaldur Indriðason stefnir hraðbyri í að verða söluhæstur íslenskra rithöfunda, að sögn Halldórs Guðmundssonar, ævisöguritarar Halldórs Laxness. Valgerður Benediktsdóttir, hjá réttindastofu Forlagsins, segir hátt í fimm milljónir eintaka af bókum Arnalds hafa selst á heimsvísu. „Við erum ekki komin með nákvæma tölu. Við teljum alltaf á haustin, en við vitum að þetta er komið vel yfir fjórar milljónir,“ sagði hún. Sú sala nær yfir allt höfundarverk Arnaldar, að undanskilinni væntanlegri bók hans, Harðskafa. Það eru samtals tíu bækur. „Ég get sagt það með vissu að Arnaldur er sá núlifandi íslenskur höfundur sem hefur selst í flestum eintökum,“ sagði Valgerður. Halldór Guðmundsson, rithöfundur og ritari ævisögu Halldórs Laxness, sagði óhætt að segja að Arnaldur stefndi hraðbyri í að

verða mest seldi íslenski höfundurinn fyrir og síðar. „Ég myndi samt stíga varlega til jarðar með það hvort hann sé farinn fram úr Halldóri,“ sagði Halldór. Hann sagði afar erfitt að handa reiður á sölutölum Nóbelskaldsins án þess að leggjast í mikla rannsóknarvinnu, en kvaðst geta ímyndað sér að á bilinu 5 til 10 milljón eintök af bókum Laxness hefðu selst á heimsvísu. Hann ítrekaði þó að það væri með miklum fyrirvara. „Það er sjálfstætt nær fimm, en ég get ekki verið nákvæmari,“ sagði hann. „Ég veit að hann er seldur í 2,5 milljónum eintaka í Þýskalandi, og bók eins og Sjálfstætt fólk seldist í samanlagt milljón eintökum í Rússlandi og Bandaríkjunum,“ benti Halldór á. Hann ítrekaði þó að ekki mætti gleyma rithöfundum á borð við Gunnar Gunnarsson og Jón Sveinsson, sem báðir komu út í stórum upplögum á þriðja áratugnum.

Arnaldur Indriðason sagði fréttirnar eðlilega mjög ánægjulegar fyrir sig. „Það hefur gengið frábærlega að dreifa bókum mínum og kynna þær,“ sagði hann. „Mér finnst auðvitað frábært að höfundur frá Íslandi skuli ná þessari miklu sölu og dreifingu, af því að maður er fyrst og fremst að skrifa fyrir Íslendinga – á máli sem sagt er að deyi út á næstu hundrað árum,“ sagði Arnaldur. Hann kvaðst ekki hafa séð slíkan árangur fyrir þegar hann settist við skriftir á Sonum duftsins fyrir tíu árum. „Ég átti aldrei nokkurn tímann von á þessu,“ sagði hann og hló við, en tók undir það að fréttirnar væru ágætis hvatning á tíu ára útgáfuafmæli hans. Harðskafi kemur út 1. nóvember í 22 þúsund eintökum, sem er stærsta upplag af bók Arnaldar hingað til. sunna@frettabladid.is

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

FRÉTTIR AF FÓLKI

Velgengi myndlistarmannsins, leikskáldsins og grinsöguhöfundarins **Hugleiks Dagssonar** virðast engin takmörk sett. Eftir að hafa slegið í gegn með sögum sínum og leikritum hér á landi virðast erlendir markaðir vera óðum að taka við sér. Hugleikur er nú fluttur til Amsterdam þar sem hann hyggst auðga andann. Hann hefur þó ekki alveg sagt skilið við Ísland og verk hans gætu nú fengið meiri útbreiðslu hérlendis en áður. Hermt er að Hugleikur sé að ganga frá samningi þess efnis að hann myndskreyti næstu útgáfu Símaskrárinnar sem kemur fyrir augu landsmanna á næsta ári.

Tvær af skærustu grínstjörnum landsins munu leiða saman hesta sína í nýjum grínþáttum sem eru í undirbúningi. Það er **Gaukur Úlfarsson** sem er handritshöfundur og leikstjóri þáttanna en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er ekki enn frágengið á hvaða sjónvarpsstöð þeir verða sýndir. Umræddar grínstjörnur eru **Ágústa Eva Erlendsdóttir**, sem fræg er sem Silvía Nótt, og **Gunnar Hansson**, sem sló í gegn í hlutverki Frimanns Gunnarssonar í Sigtinu. Aðalhlutverkið mun samt verða í höndum þriðja aðila sem ekki hefur leikið út hver er, en hermt er að þar sé ný stjarna í fæðingu. - hdm



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opíð 10-18:15 laugardaga 11-14.

Þú færð aðeins það besta hjá okkur
úrval fiskrétta, saltfisk, kinnar, gellur
signa grásleppu, reykt ýsa og margt fleira

Fannst einkanúmer kjánaleg

Útvarpsmaðurinn Sigvaldi Kaldalóns, eða Svali, er forfallinn jeppaáhugamaður og sést stöku sinnum keyra um bæinn á Nissan Patrol-jeppa merktum með einkanúmerinu „Svali“. „Ég nota þennan bíl nánast eingöngu í ferðalög,“ segir hann en númerið var afmælisgjöf frá konunni hans, Jóhönnu Katrínu Guðnadóttur. „Ég var náttúrulega hæstánægður með það. Við strákarnir verðum alltaf litlir strákar í anda og viljum fá dót í afmælis- og jólagjafir,“ segir hann og hlær. Svali segist hafa fengið jeppabakteríuna fyrir tilviljun. „Ég hafði bara áhuga á sportbílum eins og eðalblöndina. Svo var ég að keyra að Gullfossi í lok janúar



FORFALLINN JEPPAÁHUGAMAÐUR Sigvaldi Kaldalóns segir að honum hafi fundist einkanúmer kjánaleg þangað til hann varð „jeppakar!“. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

fyrir fjórum árum. Það var smá snjór og ég á mínum sportbíl. Ég ákvað að fara einhvern kjalveg,

fór út í kant og er að stara út í auðnina þegar átta risastórir jeppar bruna fram hjá mér. Þetta var á laugardegi og ég var búinn að kaupa mér jeppann á miðvikudegi. Á föstudeginum var ég kominn í mína fyrstu jöklaferð og eftir það var ekki aftur snúið.“ Hann segir að sér hafi fundist einkanúmer kjánaleg þangað til hann „varð jeppakar!“. „Ég þekki svo marga í fjallasportinu og langflestir eru með einkanúmer.“ Svali segir að það sé skemmtilegra að vera vel merktur á vegum úti. „Það væri auðvitað miklu skemmtilegra ef það væri bara hægt að lesa á númeraplötturnar og vita hverjum maður er að mæta.“ - sók

Lauflétt kaup

Lægri útborgun. Lægri verð.*
Aðeins 39 bílar í 3 daga.
Komdu strax.

Opið kl. 9-18

Lægri útborgun - afborgun
undir 14.000 kr. á mán.



6.311 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Vsk.Bíll. Ekki er lánað fým VSK.

Citroën Berlingo Van 1,4 bsk skrd. 12/2002 ek: 115.000 km.
Verð 590.000 kr. Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 116.000 kr.
6.311 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. SR279.

Lægri útborgun - afborgun
14.000 - 15.000 kr. á mán.



14.000 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Ford Focus High Series 1,6 bsk. skrd. 11/2000 ek: 101.000 km.
Verð 760.000 kr. Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 17.200 kr.
14.000 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. SL914.



15.000 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Ford Focus High Series 1,6 bsk. skrd. 10/2001 ek: 78.000 km.
Verð 900.000 kr. Tilboðsverð 790.000 kr. Útborgun 29.000 kr.
15.000 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. VX215

**Nýttu þér
tilboðin
Tökum notaðan
uppi notaðan**

Lægri útborgun - afborgun
15.000 - 22.000 kr. á mán.



18.300 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

VW Passat Basicline 1,6 bsk. skrd. 09/2000 ek: 92.000 km.
Verð 920.000 kr. Tilboðsverð 790.000 kr. Útborgun 24.649 kr.
18.300 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. NS430.

Lægri útborgun - afborgun
yfir 22.000 kr. á mán.



22.686 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Jeep Cherokee 4,0 ssk. skrd. 10/1998 ek: 134.000 km.
Verð 999.000 kr. Tilboðsverð 749.000 kr. Útborgun 20.000 kr.
22.686 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. OU651.



11.777 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Vsk.Bíll. Ekki er lánað fyrir VSK.

Ford Transit 280S 2,0 bsk. skrd. 06/2002 ek: 117.000 km.
Verð 1.090.000 kr. Tilboðsverð 920.000 kr. Útborgun 216.000 kr.
11.777 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TH457.



14.587 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Ford Focus High Series 1,6 ssk. skrd. 04/2000 ek: 105.000 km.
Verð 720.000 kr. Tilboðsverð 620.000 kr. Útborgun 12.796 kr.
14.587 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. YL528.



13.500 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Ford Focus High Series 1,6 ssk. skrd. 10/2001 ek: 108.000 km.
Verð 870.000 kr. Tilboðsverð 710.000 kr. Útborgun 26.000 kr.
13.500 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. PX673.



14.912 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Ford Focus High Series 1,6 bsk. skrd. 03/1999 ek: 107.000 km.
Verð 620.000 kr. Tilboðsverð 510.000 kr. Útborgun 30.000 kr.
14.912 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. O0524.



20.600 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Land Rover Freelander 2,4 ssk. skrd. 12/2000 ek: 92.000 km.
Verð 1.290.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 40.649 kr.
20.600 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. RS969.



28.988 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Volvo S80 2,0 ssk. skrd. 06/2002 ek: 108.000 km.
Verð 1.995.000 kr. Tilboðsverð 1.810.000 kr. Útborgun 67.000 kr.
28.988 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. YT810



13.933 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Renault Kangoo MSP 1,4 bsk. skrd. 12/2001 ek: 57.000 km.
Verð 890.000 kr. Tilboðsverð 750.000 kr. Útborgun 40.000 kr.
13.933 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. NF040.



14.970 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Renault Laguna Nevada 2,0 bsk. skrd. 11/1998 ek: 97.000 km.
Verð 640.000 kr. Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 13.000 kr.
14.970 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. LR839.



21.352 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Renault Laguna II Break 1,8 ssk. skrd. 12/2002 ek: 49.000 km.
Verð 1.490.000 kr. Tilboðsverð 1.330.000 kr. Útborgun 48.000 kr.
21.352 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. PD618.



31.300 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

MMC Pajero GLS 2,8 ssk. Disil. skrd. 06/2000 ek: 138.000 km.
Verð 1.560.000 kr. Tilboðsverð 1.360.000 kr. Útborgun 42.278 kr.
31.300 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. EF766

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á



BAKPANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur


Krossar að bera

Mikið skil ég málaferli amerísku hjónanna gegn blómasalanum sem sá um skreytingarnar í brúðkaupinu þeirra. Kvíkindið notaði blóm í vitlausum lit og rukkaði svakalega í þokkabót. Þetta olli þarinn vitaskuld miklu hugarangri og sálarkvöl, því það er harðneskjulegt að þurfa að lufsast í hjónaband með hjálitan blómvönd. Sem betur fer eykst sífellt almenn meðvitund um mikilvægi smáatriðanna í daglega lífinu. Til dæmis rakst ég nýlega á grein sem rökstyður að hamingja barna grundvallist á skipulagi. Hlutverk okkar foreldranna er auðvitað að útbúa system fyrir blessuð börnin svo þau geti haft snyrtilegt í kringum sig því drasl getur kostað fullkomlega óþarfa geðshræringu.

ÞAÐ er nefnilega fullt sem hefur áhrif á andlegt heilsufar. Til dæmis er nýja bókin um Máó fáránlega þykk og ótrúlega óþjáltað að lesa þennan hlunk í rúminu. Og sem íbúi í miðbænum verð ég daglega fyrir kúgun og einelti af hálfu fólks úr úthverfum sem sveimar hér um eins og gammar á morgnana í leit að bílastæði. Þetta þýðir auðvitað að síðar verð ég sjálf að ganga langar leiðir heim til mín í slagveðrinu. Sem er annað virkilega þirrandi. Hvernig stendur á því að hér á landi er annaðhvort rok eða rigning eða bæði rok og rigning?

SVO getur hugsanlega verið að miðbarnið sé með snert af ilsigi. Og sú yngsta sækir grunsamlega mikið í að nota vinstri höndina. Örvhent fólk hefur gjarnan síðri rithönd en réttentir en við reynum að vera bjartsýn. Hún er nú varla tveggja ára svo enn er von. Og af einhverjum ástæðum virðist ég alltaf lenda í hægengustu röðinni í búðinni og þarf að bíða og bíða á meðan gamalmennið á undan skrautskrifar nafnið sitt lúshægt á nótuna. Tíminn er nefnilega peningar, you know.

KUNNINGI minn sem vann lengi í stríðshráðum löndum langt í burtu lýsti því fyrir mér hvernig væri að horfa upp á börn í flóttamannabúðum. Mæður þeirra ættu sáralítinn mat og enga skó handa þeim í frostinu. Þetta var ógisslega óþægilegt, ég þurfti virkilega að hugsa um Secretið mitt meðan hann talaði, til að halda fókus. Ég meina, það er ekki eins og þessu fólki þarna úti muni líða eitthvað betur þótt við séum að hafa áhyggjur af þeim líka.




GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 24.
október, 297. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.44	13.12	17.39
Akureyri	8.36	12.57	17.16

Heimild: Almanak Háskólans

HÖRKUTÓL | EÐALVAGN



Jafnvægi

Harður og þrautseigur þegar á þarf að halda – mjúkur, lipur og þægilegur í dagsins önn. Að mæta ólíkum þörfum og bregðast hárrétt við mismunandi aðstæðum; þetta eru kröfur samtímans.

Til afgreiðslu strax. Komdu og reynsluaktu Mitsubishi Pajero.

